

AUGLÝSING um orkusáttmála.

Hinn 20. júlí 2015 var portúgalska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um orkusáttmála sem gerður var í Lissabon 17. desember 1994. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 18. október 2015.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
UM ORKUSÁTTMÁLA****FORMÁLSORÐ**

Aðilar að samningi þessum,

með hliðsjón af Parísarsáttmálanum um hina nýju Evrópu sem undirritaður var 21. nóvember 1990,

með hliðsjón af Orkusáttmála Evrópu sem samþykktur var með lokasamþykkt Haagráðstefnunnar um Orkusáttmála Evrópu sem undirrituð var í Haag 17. desember 1991,

sem minnst þess að allir aðilar að undirritun lokasamþykktar Haagráðstefnunnar skuldbundu sig til að vinna að framgangi markmiða og meginreglna Orkusáttmála Evrópu og að koma á og auka samvinnu sín á milli svo fljótt sem auðið er með því að vinna í góðri trú að samningi um orkusáttmála og bókunum við hann og sem vilja reisa þær skuldbindingar sem felast í þeim samningi á traustum og bindandi alþjóðlegum lagagrundvelli,

sem vilja jafnframt festa í sessi rammaáætlun til uppbyggingar sem nauðsynleg er til að framfylgja þeim meginreglum sem settar eru fram í Orkusáttmála Evrópu,

sem vilja hrinda í framkvæmd þeirri grundvallarhugmynd frumkvæðis Orkusáttmála Evrópu sem er að örva hagvöxt með ráðstöfunum sem miða að því að auka frelsi til fjárfestinga og orkuviðskipta,

sem staðfesta að samningsaðilar leggja mjög ríka áherslu á að landsbundin meðferð og bestukjara-meðferð komi til framkvæmda með virkum hætti og að fullu og að þeir muni fylgja þessari stefnu þegar stofnun fjárfestinga á sér stað eftir að viðbótarsamningur þar að lútandi hefur verið gerður,

sem hafa hliðsjón af því markmiði að auka áfram frelsi í alþjóðaviðskiptum og þeirri meginreglu að forðast mismunun í alþjóðaviðskiptum, svo sem kveðið er á um í hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) og gerningum því tengdum og svo sem að öðru leyti er kveðið á um í samningi þessum,

sem eru staðráðnir í að fjarlægja í áföngum tæknilegar, stjórnsýslulegar og annars konar hindranir í viðskiptum með orkugjafa og -vörur og með búnað, tækni og þjónustu sem þeim tengjast,

sem horfa til hugsanlegrar aðildar þeirra samningsaðila sem eru ekki aðilar nú þegar að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti að því samkomulagi og sem eru áfram um að koma á viðskiptasamningum til bráðabirgða sem munu hjálpa þessum samningsaðilum og hindra þá ekki í því að búa sig undir slíka aðild,

sem hafa hugföst réttindi og skyldur tiltekinna samningsaðila, sem eru jafnframt aðilar að GATT og gerningum því tengdu,

sem hafa hliðsjón af samkeppnisreglum varðandi samruna, einokun, samkeppnishamlandi viðskiptahætti og misnotkun á markaðsráðandi stöðu,

sem hafa hliðsjón af samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum, viðmiðunarreglum kjarnabirgja og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum eða samkomulagi sem miðar að því að hindra útbreiðslu kjarnavopna,

sem viðurkenna nauðsyn á sem skilvirkastri leit að, framleiðslu, umbreytingu, geymslu, flutningi og dreifingu á og notkun orku,

sem minnst rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa og bókana við hann, auk annarra alþjóðasamninga um umhverfismál sem tengjast orkumálum og

sem viðurkenna vaxandi og knýjandi þörf á ráðstöfunum til verndar umhverfinu, þar með talin lokun orkumannvirkja og förgun úrgangsefna og nauðsyn á markmiðum og viðmiðum í þessu skyni sem samkomulag er um á alþjóðavettvangi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

I. HLUTI

Skilgreiningar og markmið.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Sáttmáli“: Orkusáttmáli Evrópu sem samþykktur var með lokasamþykkt Haagráðstefnunnar um Orkusáttmála Evrópu sem var undirrituð í Haag 17. desember 1991. Undirritun lokasamþykktarinnar telst jafngilda undirritun sáttmálans.
2. „Samningsaðili“: ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hefur samþykkt að vera bundin af samningi þessum og sem samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart.
3. „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“: stofnun, sem ríki koma á fót og fengið hefur valdheimildir frá aðildarríkjum sínum að því er varðar málefni sem sum hver heyra undir samning þennan, þar með talið vald til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir ríkin að því er þau málefni varðar.
4. „Orkugjafar og -vörur“: þeir hlutir, samkvæmt samræmdri tollskrá tollasamvinnuráðsins og sameinaðri nafnaskrá Evrópubandalaganna, sem taldir eru upp í viðauka EM.
5. „Atvinnustarfsemi í orkugeiranum“: atvinnustarfsemi sem varðar leit, nám, hreinsun, framleiðslu, geymslu, flutninga á landi, flutning, dreifingu, verslun, markaðssetningu eða sölu orkugjafa og -vara, að undanskildum þeim sem taldar eru upp í viðauka NI eða tengjast hitaveitu til margra bygginga.
6. „Fjárfesting“: hvers kyns eign sem fjárfestir á eða ræður yfir beint eða óbeint og tekur til:
 - a) áþreifanlegra og óáþreifanlegra eigna, lausafjármuna og fasteigna og annarra eignarréttinda, s.s. leigumála, veðréttinda, veðbanda og trygginga,
 - b) félags eða fyrirtækis, eða hluta, hlutabréfa eða annarrar hlutafjárþátttöku í félagi eða fyrirtæki og skuldabréfa eða annarrar skuldar félags eða fyrirtækis,
 - c) fjárfafna og hvers konar krafna samkvæmt samningi sem hafa fjárhagslegt virði og tengjast fjárfestingu,
 - d) hugverkaréttinda,
 - e) hagnaðar,
 - f) réttinda sem fengin eru að lögum eða með samningi eða hvers konar leyfa og heimilda samkvæmt lögum til að stunda atvinnustarfsemi í orkugeiranum.

Breyting á fjárfestingarformi eigna breytir ekki eðli þeirra sem fjárfestinga og hugtakið „fjárfesting“ tekur til allra fjárfestinga, hvort sem þær hafa átt sér stað fyrir eða eftir gildistöku dag samnings þessa fyrir samningsaðila fjárfestisins sem stofnar til fjárfestingarinnar og fyrir samningsaðilann, sem ræður yfir því svæði þar sem stofnað er til fjárfestingarinnar (hér á eftir nefndur „gildistöku dagur“), að því tilskildu að samningurinn gildi aðeins um málefni sem áhrif hafa á slíka fjárfestingu eftir gildistöku daginn.

„Fjárfesting“ á við sérhverja fjárfestingu sem tengist atvinnustarfsemi í orkugeiranum og fjárfestingar eða flokka fjárfestinga sem samningsaðili tilgreinir á sínu svæði sem „verkefni sem stuðla að framkvæmd sáttmálans“ og tilkynnir sem slíkar til aðalskrifstofunnar.
7. „Fjárfestir“:
 - a) að því er varðar samningsaðila:
 - i. einstaklingur sem hefur ríkisfang eða þjóðerni samningsaðilans eða hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði samningsaðilans í samræmi við gildandi lög hans,
 - ii. félag eða önnur stofnun eða fyrirtæki sem er skipulögð eða skipulagt í samræmi við gildandi lög samningsaðilans,
 - b) að því er varðar „þriðja ríki“, einstaklingur, félag eða önnur stofnun sem uppfyllir, að breyttu breytanda, skilyrðin sem tilgreind eru fyrir samningsaðila í a-lið.

8. „Að stofna til fjárfestinga“ eða „stofnun fjárfestinga“: að stofna til nýrra fjárfestinga, eignast allar eða hluta af fjárfestingum sem fyrir hendi eru eða færa sig yfir á önnur fjárfestingarsvið.
9. „Hagnaður“: þær fjárhæðir sem fjárfesting gefur af sér eða sem tengjast henni, óháð greiðsluformi, þar með talinn gróði, arður, vextir, söluhagnaður, réttthafagreiðslur, gjöld fyrir stjórnun, tækniaðstoð eða önnur gjöld og greiðslur í fríðu.
10. „Svæði“: að því er varðar ríki sem er samningsaðili:
- það yfirráðasvæði sem heyrir undir fullveldisrétt þess, í þeim skilningi að yfirráðasvæði tekur til lands, innsævis og landhelgi og
 - það sem fellur undir og er í samræmi við alþjóðlegan hafrétt: hafið, hafsbotninn og botnlög hans þar sem samningsaðilinn hefur fullveldisréttindi og lögsögu.
Að því er varðar svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem er samningsaðili, merkir svæði þau svæði þeirra ríkja sem eru aðilar að slíkri stofnun, samkvæmt ákvæðum samningsins um stofnun hennar.
11. a) „GATT“: „GATT-samkomulagið frá 1947“ eða „GATT-samningurinn frá 1994“ eða hvort tveggja þegar bæði eiga við.
- b) „GATT-samkomulagið frá 1947“: hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, frá 30. október 1947, sem er í viðauka við lokagerðina sem var samþykkt í lok annars fundar undirbúningsnefndar ráðstefnu Sameinuðu þjóðana um viðskipti og atvinnumál, eins og það hefur síðar verið leiðrétt eða því breytt.
- c) „GATT-samningurinn frá 1994“: hinn almenni samningur um tolla og viðskipti 1994, eins og hann er tilgreindur í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, eins og hann hefur síðar verið leiðréttur eða honum breytt.
Aðili að samningnum um stofnun alþjóðaviðskiptastofnunarinnar telst aðili að GATT-samningnum frá 1994.
- d) „Tengdir gerningar“ merkir eins og við á:
- samninga, samþykktir eða aðra lagagerninga, þ.m.t. ákvarðanir, yfirlýsingar og samkomulag sem gert er á grundvelli GATT-samkomulagsins frá 1947 eins og það hefur síðar verið leiðrétt eða því breytt eða
 - samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þ.m.t. 1. viðauki við hann (að undanskildum GATT-samningnum frá 1994), 2., 3. og 4. viðauki við hann og þær ákvarðanir, yfirlýsingar og samkomulag sem honum tengist, eins og hann hefur síðar verið leiðréttur eða honum breytt.
12. „Hugverkaréttindi“: höfundaréttur og tengd réttindi, vörumerki, landfræðilegar merkingar, iðnhönnun, einkaleyfi, formhönnun samrása og verndun óbirtra upplýsinga.
13. a) „Bókun við orkusáttmála“ eða „bókun“: samningur sem hefur verið gerður með heimild ráðstefnunnar um orkusáttmálann og texti hans samþykktur af henni, milli tveggja eða fleiri samningsaðila til fyllingar, til að auka við, vikka út eða styrkja ákvæði samnings þessa að því er varðar tiltekinn geira eða athafnasvið innan gildissviðs samnings þessa eða samstarfssviðs skv. III. bálki sáttmálans.
„Yfirlýsing með orkusáttmálanum“ eða „yfirlýsing“: gerningur sem ekki er bindandi og sem samið er um með heimild ráðstefnunnar um orkusáttmálann og texti hans sem hún samþykkir, þ.e. gerningur sem tveir eða fleiri samningsaðilar standa að til fyllingar eða viðbótar við ákvæði samnings þessa.
14. „Auðskiptanlegur gjaldmiðill“: er gjaldmiðill sem mikil viðskipti eru með á alþjóðlegum gjald-eyrismörkuðum og er víða notaður í alþjóðlegum viðskiptum.

2. gr.

Markmið samningsins.

Með samningi þessum er komið á fót lagaramma til þess að stuðla að samvinnu til langs tíma á orkusviðinu sem byggist á stuðningi og gagnkvæmum ávinningi í samræmi við markmið og meginreglur sáttmálans.

II. HLUTI

Viðskipti.

3. gr.

Alþjóðamarkaðir.

Samningsaðilar skulu vinna að því að stuðla að aðgangi að alþjóðamörkuðum á viðskipta-grundvelli og almennt að þróa opinn samkeppnismarkað fyrir orkugjafa og -vörur.

4. gr.

Engin undanþága frá GATT og tengdum gerningum.

Ekkert í samningi þessum merkir að vikið sé, í samskiptum tiltekinna samningsaðila sem eru aðilar að GATT, frá ákvæðum GATT og tengdra gerninga eins og þeim er beitt milli þeirra samningsaðila.

5. gr.

Ráðstafanir vegna fjárfestinga sem tengjast viðskiptum.

1. Samningsaðili skal ekki gera neinar ráðstafanir vegna fjárfestinga sem tengjast viðskiptum sem samræmast ekki ákvæðum III. eða XI. gr. GATT. Þetta skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilans samkvæmt GATT og tengdum gerningum og 29. gr.
2. Slíkar ráðstafanir taka til fjárfestingarráðstafana sem eru lögboðnar eða framfylgjanlegar samkvæmt landslögum eða stjórnsluúrskurði eða sem verður að fylgja til að njóta ávinnings og sem krefjast þess:
 - a) að fyrirtæki kaupi eða noti vörur upprunnar innanlands, sem koma frá innlendri auðlind, hvort sem þær eru tilgreindar sem sérstakar vörur, magn eða verðmæti vöru eða eru tilgreindar sem hlutfall magns eða verðmætis vöru sem er staðbundin framleiðsla eða
 - b) að kaup eða notkun fyrirtækis á innfluttri vöru sé takmörkuð við fjárhæð sem er tengd magni eða verðmæti vara sem framleiddar eru í landinu og það flytur út eða sem takmarka:
 - c) innflutning fyrirtækis á vörum, sem notaðar eru við eða tengjast framleiðslu þess í landinu, almennt eða upp að fjárhæð sem tengist magni eða verðmæti vöru sem framleidd er í landinu og það flytur út,
 - d) innflutning fyrirtækis á vörum, sem notaðar eru við eða tengjast framleiðslu þess í landinu, með því að takmarka aðgang þess að erlendum gjaldeyri við fjárhæð sem tengist gjaldeyris-innflæði sem rekja má til fyrirtækisins eða
 - e) útflutning fyrirtækis eða sölu þess til útflutnings á vörum, hvort sem þær eru tilgreindar sem sérstakar vörur, sem magn eða verðmæti vara eða sem hlutfall magns eða verðmætis staðbundinnar framleiðslu.
3. Ekkert í 1. mgr. skal túlka þannig að hindri samningsaðila í því að gera þær ráðstafanir vegna fjárfestinga sem tengjast viðskiptum, sem er lýst í a- og c-lið 2. mgr., að skilyrði fyrir hæfi viðvirkjandi eflingu útflutnings, erlendri aðstoð, opinberum innkaupum eða ívilnandi tolla- eða kvóta-áætlunum.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er samningsaðila heimilt að viðhalda tímabundið ráðstöfunum vegna fjárfestinga sem tengjast viðskiptum, sem voru í gildi lengur en 180 daga áður en hann undirritaði samning þennan, enda uppfylli hann ákvæði um tilkynningu og afnám í áföngum sem sett eru fram í viðauka TRM.

6. gr.

Samkeppni.

1. Sérhver samningsaðili skal leitast við að draga úr markaðsröskunum og samkeppnishindrunum að því er varðar atvinnustarfsemi í orkugeiranum.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að innan lögsögu hans gildi nauðsynleg og viðeigandi lög og þeim sé framfylgt til að takast á við einhliða eða samstillta samkeppnishamlandi háttsemi í atvinnustarfsemi í orkugeiranum.

3. Samningsaðilar sem hafa reynslu í því að beita samkeppnisreglum skulu taka til gaumgæfilegrar athugunar að veita öðrum samningsaðilum, samkvæmt beiðni og eftir föngum, tækniaðstoð við þróun og beitingu samkeppnisreglna.
4. Samningsaðilum er heimilt að vinna saman að því að framfylgja samkeppnisreglum sínum með því að hafa samráð sín á milli og skiptast á upplýsingum.
5. Ef samningsaðili telur að tiltekin samkeppnishamlandi háttsemi, sem er viðhöfð á svæði annars samningsaðila, hafi neikvæð áhrif á mikilvæga hagsmuni, sem varða þau markmið sem tilgreind eru í þessari grein, er þeim samningsaðila heimilt að tilkynna það hinum samningsaðilanum og fara fram á að samkeppnisyfirvöld hans grípi til viðeigandi fullnustuaðgerða. Tilkynning fyrrnefnds samningsaðila skal innihalda nægar upplýsingar til þess að samningsaðilinn, sem veitir henni viðtöku, geti borið kennsl á þá samkeppnishamlandi háttsemi sem tilkynningin fjallar um og skal innihalda boð um að frekari upplýsingar af því tagi verði látnar í té og boð um samvinnu, eins og þeim samningsaðila sem tilkynnir er frekast unnt.
 Þeim samningsaðila sem veitir tilkynningunni viðtöku eða, eftir atvikum, viðeigandi samkeppnisyfirvöldum er heimilt að hafa samráð við samkeppnisyfirvöld þess samningsaðila sem tilkynnir og skal sá fyrrnefndi taka fullt tillit til beiðni samningsaðilans, sem tilkynnir, þegar hann ákveður hvort grípa skuli til fullnustuaðgerða vegna hinnar meintu samkeppnishamlandi háttsemi sem tilgreind er í tilkynningunni. Samningsaðilinn, sem veitir tilkynningunni viðtöku, skal upplýsa samningsaðilann, sem tilkynnir, um ákvörðun sína eða um ákvörðun viðkomandi samkeppnisyfirvalda og óski hann þess, getur hann upplýst samningsaðilann, sem tilkynnir, um forsendur ákvörðunarinnar. Ef gripið er til fullnustuaðgerða skal samningsaðilinn, sem veitir tilkynningunni viðtöku, upplýsa samningsaðilann, sem tilkynnir, um lyktir þeirra og, að því marki sem unnt er, um framvindu mála, sem þýðingu hafa, meðan á þeim stendur.
6. Ekkert í þessari grein útheimtir að samningsaðili veiti upplýsingar, fari það í bága við lög hans um afhendingu upplýsinga, trúnaðarkvaðir eða viðskiptaleynd.
7. Þær málsmeðferðarreglur sem settar eru fram í 5. mgr. og 1. mgr. 27. gr. skulu vera þær einu leiðir, samkvæmt samningi þessum, til þess að leysa deilur sem kunna að rísa um beitingu eða túlkun ákvæða þessarar greinar.

7. gr.

Umflutningur.

1. Sérhver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að greiða fyrir umflutningi orkugjafa og -vara í samræmi við meginregluna um frjálstan umflutning og án greinarmunar að því er varðar uppruna, ákvörðunarstað eða eignarhald á slíkum orkugjöfum og -vörum eða án mismununar að því er varðar verðlagningu á grundvelli slíks greinarmunar og án þess að valda óeðlilegri seinkun eða leggja á óeðlilegar takmarkanir eða gjöld.
2. Samningsaðilar skulu hvetja viðeigandi rekstrareiningar til að vinna saman að:
 - a) nútímavæðingu orkuflutningsbúnaðar sem er nauðsynlegur fyrir umflutning orkugjafa og -vara,
 - b) þróun og rekstri orkuflutningsbúnaðar sem þjónar svæðum fleiri en eins samningsaðila,
 - c) ráðstöfunum til að draga úr áhrifum truflana á afhendingu orkugjafa og -vara,
 - d) því að auðvelda samtengingu orkuflutningsbúnaðar.
3. Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til þess að ákvæði hans um flutning orkugjafa og -vara og notkun orkuflutningsbúnaðar séu í engu óhagstæðari að því er varðar orkugjafa og -vörur í umflutningi en ákvæði hans um orkugjafa og -vörur, sem eru upprunnar á eða eru á leið inn á svæði hans, nema gildandi alþjóðasamningur kveði á um annað.
4. Þegar þannig háttar að umflutningur orkugjafa og -vara geti ekki farið fram á viðskiptagrundvelli með orkuflutningsbúnaði skulu samningsaðilarnir ekki standa í vegi fyrir því að ný afkastageta sé mynduð, nema kveðið sé á um annað í gildandi löggjöf sem samræmist ákvæðum 1. mgr.
5. Nú er umflutningur orkugjafa og -vara um svæði samningsaðila heimilaður og skal honum þá ekki vera skylt að
 - a) leyfa smíði eða breytingu á orkuflutningsbúnaði eða
 - b) leyfa nýjan eða aukinn umflutning með þeim orkuflutningsbúnaði sem fyrir er,

sem hann getur sýnt öðrum samningsaðilum fram á að myndi ógna öryggi eða afkastagetu orkukerfa hans, m.a. afhendingaröryggi.

Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um ákvæði 6. og 7. mgr., tryggja streymi orkugjafa og -vara, sem þegar er til staðar, til, frá eða á milli svæða annarra samningsaðila.

6. Nú fara orkugjafar og -vörur um svæði samningsaðila og upp kemur deila í máli er varðar þennan umflutning og skal samningsaðilinn þá ekki stöðva eða minnka, eða heimila neinni rekstrar-einingu sem lýtur hans stjórn að stöðva eða minnka eða krefjast þess af neinum aðila sem hann hefur lögsögu yfir að hann stöðvi eða minnki, yfirstandandi streymi orkugjafa og -vara fyrr en deilan hefur hlotið þá meðferð við lausn deilumála sem sett er fram í 7. mgr., nema þegar sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningi eða öðru samkomulagi sem gildir um slíkan umflutning eða að slíkt sé heimilt samkvæmt ákvörðun sáttasemjara.
7. Eftirfarandi ákvæði gilda um deilur, sem er lýst í 6. mgr., en þó aðeins eftir að öll viðeigandi samningsbundin eða önnur úrræði til lausnar deilum hafa verið reynd, þ.e. úrræði sem viðkomandi samningsaðilar sem eru deiluaðilar eða rekstrareining, sem um getur í 6. mgr., og rekstrareining annars samningsaðila, sem er deiluaðili, hafa áður komið sér saman um:
 - a) Samningsaðili, sem er deiluaðili, getur vísað deilu til aðalframkvæmdastjórans með tilkynningu þar sem efnisatriði deilunnar eru tekin saman. Aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir öllum samningsaðilum um slíkar vísanir.
 - b) Aðalframkvæmdastjórinn skal, innan 30 daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar og í samráði við deiluaðila og aðra viðkomandi samningsaðila, skipa sáttasemjara. Sáttasemjarinn skal hafa reynslu í þeim málum sem deilan snýst um og skal ekki vera af þjóðerni eða ríkisborgari eða hafa fasta búsetu í landi deiluaðila eða í landi nokkurs annars samningsaðila sem á hlut að máli.
 - c) Sáttasemjarinn skal leitast við að fá deiluaðila til að samþykkja lausn deilunnar eða aðferð til að ná fram slíkri lausn. Hafi honum ekki tekist að tryggja slíkt samkomulag innan 90 daga frá því að hann var skipaður, skal hann gera tillögu að lausn deilunnar eða um aðferð til þess að ná fram slíkri lausn og ákveða bráðabirgðagjaldskrá og aðra skilmála og skilyrði sem hlíta skal vegna umflutnings frá tilteknum degi sem hann tilgreinir þar til deilan er leyst.
 - d) Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að hlíta fyrrnefndri ákvörðun og tryggja að rekstrareiningar undir stjórn þeirra eða lögsögu hlíti hverjum þeim bráðabirgðaákvörðunum sem teknar eru samkvæmt c-lið um gjaldskrá, skilmála og skilyrði í 12 mánuði eftir að ákvörðun sáttasemjarans liggur fyrir eða þar til deilan hefur verið leyst, hvort sem fyrr verður.
 - e) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar getur aðalframkvæmdastjórinn ákveðið að skipa ekki sáttasemjara, sé það mat hans að deilan snúist um umflutning sem er eða hefur verið tekinn til þeirrar meðferðar við lausn deilumála sem sett er fram í a- til d-lið og sú málsmeðferð hafi ekki enn leitt til lausnar deilunnar.
 - f) Ráðstefnan um orkusáttmálann skal samþykkja stöðluð ákvæði um sáttaumleitun og greiðslur til sáttasemjara.
8. Ekkert í þessari grein vikur frá réttindum og skyldum samningsaðila að þjóðarétti, þ.m.t. hefðbundnar meginreglur þjóðaréttar, gildandi tvíhliða eða marghliða samningar, m.a. reglur um neðansjávarkapla og -leiðslur.
9. Ekki skal túlka ákvæði þessarar greinar þannig að þau skuldbindi nokkurn samningsaðila, sem á ekki tiltekna gerð af orkuflutningsbúnaði sem er notaður til umflutnings, til þess að gera neinar ráðstafanir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að því er varðar þá gerð orkuflutningsbúnaðar. Fyrrnefndum samningsaðila er þó skylt að fara að ákvæðum 4. mgr.
10. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
 - a) „Umflutningur“:
 - i. flutningur um svæði samningsaðila, eða til eða frá hafnaraðstöðu á svæði hans til fermingar eða affermingar, á orkugjöfum og -vörum sem eru upprunnin á svæði annars ríkis og eiga að fara til þriðja ríkis, enda sé viðkomandi annað ríkið eða þriðja ríki samningsaðili eða
 - ii. flutningur um svæði samningsaðila á orkugjöfum og -vörum sem eiga uppruna á svæði annars samningsaðila og eiga að fara inn á svæði viðkomandi annars samningsaðila, nema

samningsaðilarnir tveir ákveði annað og skrái ákvörðun sína með sameiginlegri færslu í viðauka N. Samningsaðilarnir tveir geta fellt niður skráningu sína í viðauka N með því að senda aðalskrifstofunni sameiginlega skriflega tilkynningu um þá fyrirætlun sína og skal skrifstofan senda þá tilkynningu til allra annarra samningsaðila. Niðurfellingin tekur gildi fjórum vikum eftir fyrri tilkynninguna.

- b) „Orkuflutningsbúnaður“: tekur til háþrýstiflutningsleiðslna fyrir gas, háspennuflutningskerfa og -lína fyrir raforku, flutningsleiðslna fyrir hráolíu, leiðslna fyrir kolagrugglausn, leiðslna fyrir olíuvörur og annars fasts búnaðar sem sérstaklega er ætlaður til þess að meðhöndla orkugjafa og -vörur.

8. gr.

Tæknifyrfærsla.

1. Samningsaðilar samþykkja að stuðla að aðgangi að og yfurfærslu á orkutækni á viðskiptalegum grundvelli og án mismununar til þess að stuðla að skilvirkum viðskiptum með orkugjafa og -vörur sem og fjárfestingu og til þess að markmiðum sáttmálans verði náð, með fyrirvara um lög þeirra og reglur og um vernd hugverkaréttinda.
2. Samkvæmt þessu skulu samningsaðilar, að því marki sem nauðsyn krefur til þess að ákvæði 1. mgr. nái fram að ganga, ryðja úr vegi hindrunum sem fyrir eru og skapa ekki nýjar í vegi tæknifyrfærslu á sviði orkugjafa og -vara og tengds búnaðar og þjónustu, með fyrirvara um skuldbindingar þess efnis að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

9. gr.

Aðgangur að fjármagni.

1. Samningsaðilar viðurkenna að opinn fjármagnsmarkaður er mikilvægur til þess að stuðla að fjármagnsstreymi til að fjármagna viðskipti með orkugjafa og -vörur og til þess að stofnun fjárfestinga í atvinnustarfsemi í orkugeiranum á svæðum annarra samningsaðila, einkum þeirra sem eru með umbreytingarhagkerfi, geti átt sér stað og að aðstoð í þeim efnun geti farið fram. Sérhver samningsaðili skal því leitast við að bæta aðgangsskilyrði að fjármagnsmarkaði sínum fyrir félög og ríkisborgara annarra samningsaðila, sem hyggjast fjármagna viðskipti með orkugjafa og -vörur og sem hyggjast fjárfesta í atvinnustarfsemi í orkugeiranum á svæðum fyrrnefndra annarra samningsaðila, á grunni sem er ekki veikari, við sambærilegar aðstæður, en sá sem hans eigin félög og ríkisborgarar eða félög og ríkisborgarar annars samningsaðila eða einhvers þriðja ríkis standa á, hvor sem traustari er.
2. Samningsaðila er heimilt að samþykkja og viðhalda áætlunum sem veita aðgang að opinberum lánunum, styrkjum, ábyrgðum eða tryggingum til þess að greiða fyrir viðskiptum eða fjárfestingu erlendis. Hann skal bjóða fram slíka fyrirgreiðslu sem samræmist markmiðum, skorðum og viðmiðum fyrrnefndra áætlana (þ.m.t. markmið, skorður eða viðmið sem tengjast starfsstöð umsækjanda um slíka fyrirgreiðslu eða afhendingarstað vöru eða þjónustu sem látin er í té að fram kominni slíkri fyrirgreiðslu) um fjárfestingar í atvinnustarfsemi í orkugeiranum hjá öðrum samningsaðilum eða um að fjármagna viðskipti við aðra samningsaðila með orkugjafa og -vörur.
3. Samningsaðilar skulu, þegar áætlunum um atvinnustarfsemi í orkugeiranum sem er ætlað að betrumbæta efnahagslegan stöðugleika og fjárfestingarumhverfi samningsaðilanna er hrint í framkvæmd, leitast við, eftir því sem við á, að ýta undir starfsemi viðeigandi alþjóðlegra fjármálastofnana og nýta sér sérþekkingu þeirra.
4. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir:
 - a) að fjármálastofnanir beiti eigin útlána- og tryggingarvenjum sem byggja á markaðsreglum og varfærnisjónarmiðum eða
 - b) að samningsaðili geri ráðstafanir:
 - i. af varfærnisáætlunum, m.a. til að vernda fjárfesta, neytendur, innstæðueigendur, tryggingataka eða einstaklinga sem hafa sett fjármuni í vörslu þeirra sem veita fjármálaþjónustu eða
 - ii. til að tryggja heilleika og stöðugleika fjármálakerfis síns og fjármagnsmarkaða.

III. HLUÐI

Efling og vernd fjárfestinga.

10. gr.

Efling, vernd og meðferð fjárfestinga.

1. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við ákvæði samnings þessa, stuðla að og skapa stöðug, réttlát, hagstæð og gagnsæ skilyrði fyrir fjárfesta hinna samningsaðilanna til þess að þeir geti stofnað til fjárfestinga á svæði hans og viðhaldið þeim. Í þessu felst að fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila njóti ávallt sanngjarnrar og réttlátrar meðferðar. Slíkar fjárfestingar skulu einnig njóta eins stöðugrar verndar og öryggis og unnt er að veita og enginn samningsaðili skal á nokkurn hátt torvelda rekstur, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfestinga með ráðstöfunum sem eru ósanngjarnar eða fela í sér mismunun. Slíkar fjárfestingar skulu í engu tilvik hljóta meðferð sem er óhagstæðari en alþjóðalög segja til um, þar með taldar skuldbindingar samkvæmt samningum. Sérhver samningsaðili skal efna allar skuldbindingar sem hann hefur undirgengist gagnvart fjárfesti eða fjárfestingu fjárfestis annars samningsaðila.
2. Sérhver samningsaðili skal leitast við að veita fjárfestum annarra samningsaðila þá meðferð sem er lýst í 3. mgr. þegar stofnun fjárfestinga á sér stað á svæði hans.
3. Að því er varðar ákvæði þessarar greinar merkir „meðferð“ þá meðferð sem samningsaðili veitir og er ekki óhagstæðari en sú sem hann veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum annars samningsaðila eða þriðja ríkis, hver sem hagstæðust er.
4. Viðbótarsamningur skal, með fyrirvara um skilyrði sem mæla skal fyrir um í honum, skuldbinda sérhvern aðila að honum til að veita fjárfestum annarra aðila þá meðferð sem er lýst í 3. mgr. að því er varðar stofnun fjárfestinga á svæði hans. Sá samningur skal vera opin til undirritunar fyrir þau ríki og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem undirritað hafa eða gerst aðilar að samningi þessum. Samningaviðræður um gerð viðbótarsamningsins skulu hefjast eigi síðar en 1. janúar 1995 með það fyrir augum að ganga frá honum eigi síðar en 1. janúar 1998.
5. Sérhver samningsaðili skal, að því er varðar stofnun fjárfestinga á svæði hans, leitast við að:
 - a) halda í lágmarki undantekningum frá þeirri meðferð sem lýst er í 3. mgr.,
 - b) afnema í áföngum takmarkanir sem fyrir eru og varða fjárfesta annarra samningsaðila.
6. a) Að því er varðar stofnun fjárfestinga á svæði samningsaðila er honum, hvenær sem er og að eigin frumkvæði, heimilt að lýsa því yfir við ráðstefnuna um orkusáttmálann, með milligöngu aðalskrifstofunnar, að hann ætli sér ekki að innleiða nýjar undantekningar frá þeirri meðferð sem er lýst í 3. mgr.
 - b) Samningsaðila er ennfremur hvenær sem er heimilt að skuldbinda sig, að eigin frumkvæði, til að veita fjárfestum annarra samningsaðila þá meðferð sem er lýst í 3. mgr., að því er varðar stofnun fjárfestinga í einhverri eða allri atvinnustarfsemi í orkugeiranum á svæði sínu. Skuldbindingar af því tagi skal tilkynna aðalskrifstofunni og skrá í viðauka VC og teljast þær bindandi samkvæmt samningi þessum.
- 7) Sérhver samningsaðili skal veita fjárfestingum fjárfesta annarra samningsaðila á svæði sínu og starfsemi sem þeim tengist, þ.m.t. rekstri, viðhaldi, notkun, nýtingu eða ráðstöfun, meðferð sem er ekki óhagstæðari þeirri sem hann veitir fjárfestingum eigin fjárfesta eða fjárfestingum fjárfesta sérhvers annars samningsaðila eða sérhvers þriðja ríkis og starfsemi sem þeim tengist, þ.m.t. rekstri, viðhaldi, notkun, nýtingu eða ráðstöfun, hver sem hagstæðust er.
- 8) Það fyrirkomulag við beitingu ákvæða 7. mgr., að því er varðar áætlanir sem samningsaðili fylgir við styrkveitingar eða aðra fjárhagsaðstoð varðandi, eða þegar hann gerir samninga um, rannsóknir og þróun í orkutækni, skal bíða þess viðbótarsamnings sem er lýst í 4. mgr. Sérhver samningsaðili skal upplýsa ráðstefnuna um orkusáttmálann, með milligöngu aðalskrifstofunnar, um það fyrirkomulag sem hann beitir viðvikjandi þeim áætlunum sem er lýst í þessari málsgrein.
- 9) Sérhvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem undirritar eða gerist aðili að samningi þessum, skal, þann dag þegar það eða hún undirritar samninginn eða afhendir skjal sitt um aðild til vörslu, senda aðalskrifstofunni skýrslu með samantekt um öll lög, reglur eða aðrar ráðstafanir sem varða:
 - a) undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. eða
 - b) þær áætlanir er um getur í 8. mgr.

Samningsaðili skal uppfæra skýrslu sína með því að senda þegar í stað upplýsingar til aðal-skrifstofunnar um breytingar sem gerðar eru. Ráðstefnan um orkusáttmálann yfirfer þessar skýrslur með reglubundnum hætti.

Að því er varðar ákvæði a-liðar er heimilt að tilgreina í skýrslunni þá hluta orkugeirans þar sem samningsaðili veitir fjárfestum annarra samningsaðila þá meðferð sem er lýst í 3. mgr.

Að því er varðar ákvæði b-liðar getur ráðstefnan um orkusáttmálann fjallað um áhrif fyrrnefndra áætlana um samkeppni og fjárfestingar í umfjöllun sinni.

- 10) Þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar greinar á sú meðferð sem er lýst í 3. og 7. mgr. ekki við um vernd hugverkaréttinda; þess í stað skal sú meðferð sem er veitt vera sú sem er tilgreind í sam-svarandi ákvæðum alþjóðasamninga sem gilda um vernd hugverkaréttinda og viðkomandi samn-ingsaðilar eru aðilar að.
11. Að því er varðar ákvæði 26. gr. skal háttsemi samningsaðila, þegar hann gerir ráðstöfun vegna fjárfestinga sem tengjast viðskiptum eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 5. gr., þ.e. ráðstöfun gagnvart fjárfestingu fjárfestis annars samningsaðila sem er til staðar þegar slík ráðstöfun er gerð, teljast, með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. 5. gr., ganga gegn skuldbindingu fyrrnefnda samnings-aðilans samkvæmt þessum hluta.
12. Sérhver samningsaðili skal tryggja að í landslögum hans sé kveðið á um skilvirk úrræði til þess að framfylgja kröfum og réttindum viðvíkjandi fjárfestingum, samningum um fjárfestingar og heimildum til fjárfestinga.

11. gr.

Lykilstarfsmenn.

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur um komu, dvöl og atvinnu einstaklinga, taka til skoðunar, í góðri trú, beiðnir fjárfesta annars samningsaðila og starfsmanna í lykilstöðum, sem starfa hjá þessum fjárfestum eða í tengslum við fjárfestingar þeirra, um tíma-bundna heimild til komu og dvalar á svæði hans í því skyni að stunda þar starfsemi sem tengist þróun, stjórnun, viðhaldi, notkun, nýtingu eða ráðstöfun þeirra fjárfestinga sem um ræðir, þ.m.t. ráðgjöf eða helsta þjónusta á sviði tækni.
2. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, heimila fjárfestum annars samningsaðila, sem eiga fjárfestingar á svæði hins fyrrnefnda, og fjárfestingum þeirra sem fyrirtækjum að ráða til sín lykilstarfsmenn að eigin vali án tillits til þess hvert þjóðerni og ríkisfang þeirra er, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi heimild til komu, dvalar og þess að stunda atvinnu á svæði fyrrnefnda samningsaðilans og að viðkomandi starf sé með þeim skilmálum, skilyrðum og tímamörkum sem felast í þeirri heimild sem slíkum lykilstarfsmönnum er veitt.

12. gr.

Bótageiðslur fyrir tjón.

1. Að undanskildum þeim tilvikum þar sem ákvæði 13. gr. gilda, skal fjárfestum samningsaðila, sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum á svæði annars samningsaðila, er stafar af stríði eða öðrum vopnuðum átökum, neyðarástandi í landinu eða óeirðum á því svæði, veitt sú meðferð af hálfu síðarnefnda samningsaðilans, að því er varðar endurheimt, skaðleysisgreiðslur, skaðabætur eða annars konar uppgjör, sem ekki er óhagstæðari þeirri sem síðarnefndi samningsaðilinn veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er.
2. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. skal fjárfestir samningsaðila, sem í hverju því tilviki er um getur í þeirri málsgrein verður fyrir tjóni á svæði hins samningsaðilans sakir þess:
 - a) að her eða yfirvöld hins síðarnefnda leggja hald á fjárfestingu hans eða hluta hennar eða
 - b) að her eða yfirvöld hins síðarnefnda eyða fjárfestingu hans eða hluta hennar, án þess að aðstæður hafi krafist þess, endurheimta eign sína eða fá bætur, í hvoru tilviki sem er, með skjótum hætti og sem eru fullnægjandi og skilvirkar.

13. gr.

Eignarnám.

1. Óheimilt er að þjóðnýta fjárfestingar fjárfesta samningsaðila á svæði hins samningsaðilans, taka þær eignarnámi eða gera ráðstafanir gagnvart þeim sem hafa sömu áhrif og þjóðnýting eða eignarnám (hér á eftir nefnt „eignarnám“) nema að slíkt eignarnám fari fram:
 - a) í einhverjum þeim tilgangi sem þjónar hagsmunum almennings,
 - b) án mismununar,
 - c) í samræmi við réttmæta málsmeðferð að lögum og
 - d) og því fylgi tafarlaus, fullnægjandi og skilvirk bótagreiðsla.

Miða ber fyrrnefndar bótagreiðslur við sanngjarnt markaðsvirði þeirrar fjárfestingar sem er tekin eignarnámi rétt áður en eignarnámið fer fram eða almennt er vitað um fyrirhugað eignarnám þannig að slík vitneskja hafi áhrif á verðmæti fjárfestingarinnar (hér á eftir nefndur „matsdagur“). Tilgreina ber fyrrnefnt, sanngjarnt markaðsvirði, að beiðni viðkomandi fjárfestis, í auðskiptanlegum gjaldmiðli miðað við markaðsgengi þess gjaldmiðils á matsdegi. Bótagreiðsla skal og fela í sér sömu vexti og eru á almennum markaði frá þeim degi þegar eignarnám fer fram og fram til greiðsludags.
2. Sá fjárfestir sem málið varðar skal eiga rétt, samkvæmt lögum samningsaðilans sem gerir eignarnámið, á að dómsmálayfirvöld eða annað lögbært og sjálfstætt stjórnvald þess samningsaðila taki mál hans til skjótrar endurskoðunar, einnig matið á fjárfestingu hans og á bótagreiðslunni, í samræmi við við þær meginreglur sem eru settar fram í 1. mgr.
3. Til að taka af allan vafa skal eignarnám ná yfir tilvik þegar samningsaðili tekur eignarnámi eignir félags eða fyrirtækis á svæði sínu sem fjárfestir einhvers annars samningsaðila hefur fjárfest í, m.a. með hlutabréfaeign.

14. gr.

Yfirfærslur í tengslum við fjárfestingar.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja frjálssar yfirfærslur til og frá svæði sínu vegna fjárfestinga fjárfesta annarra samningsaðila þar, m.a. yfirfærslur á:
 - a) eigin fé og eiginfjárviðbótum til að viðhalda og þróa fjárfestingu,
 - b) hagnaði,
 - c) samningsbundnum greiðslum, m.a. afskriftum höfuðstóls og áföllnum vöxtum samkvæmt láns samningi,
 - d) óráðstöfuðum tekjum og öðrum launagreiðslum til starfsmanna sem ráðnir hafa verið erlendis frá í tengslum við fjárfestinguna,
 - e) afrakstri af sölu eða uppgjöri vegna slita fjárfestingar, allrar eða að hluta,
 - f) greiðslum sem komnar eru til vegna lausnar deilumála,
 - g) bótagreiðslum skv. 12. og 13. gr.
2. Yfirfærslur skv. 1. mgr. skulu fara fram án tafar og í auðskiptanlegum gjaldmiðli (nema um sé að ræða hagnað í fríðu).
3. Yfirfærslur skulu fara fram á markaðsgengi þess dags þegar þær eiga sér stað sem gildir um stundarviðskipti í þeim gjaldmiðli sem yfirfæra skal. Sé gjaldeyrismarkaður ekki til staðar skal nota nýjasta gengið sem notað hefur verið vegna innri fjárfestinga eða nýjasta gengið sem hefur verið notað við skiptingu gjaldmiðla í sérstök dráttarréttindi, hvort sem hagstæðara er fyrir fjárfestinn.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 3. mgr. er samningsaðila heimilt að vernda rétt lánveitenda, eða tryggja að farið sé að lögum um útgáfu, viðskipti og miðlun verðbréfa og fullnustu dóma eftir dómsmeðferð í einkamálum, stjórnarsýslumálum eða opinberum málum, með því að beita lögum sínum og reglum á sanngjarnan hátt, án mismununar og í góðri trú.
5. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er samningsaðilum, sem eru ríki sem mynduðu hluta af Sovétríkjunum fyrrverandi, heimilt að hafa í samningum, sem þau gera sín á milli, ákvæði þess efnis að yfirfærslur á greiðslum skuli fara fram í gjaldeyri þessara samningsaðila, að því tilskildu að samkvæmt slíkum samningum sé fjárfestingum fjárfesta annarra samningsaðila á svæði hinna

fyrirnefndu ekki veitt óhagstæðari meðferð en fjárfestingum fjárfesta samningsaðilanna sem hafa gert slíkan samning eða fjárfestingum fjárfesta þriðju ríkja.

6. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. er samningsaðila heimilt að takmarka yfirfærslu á hagnaði í fríðu við þær kringumstæður þegar viðkomandi samningsaðila er heimilt, skv. a-lið 2. mgr. 29. gr. eða GATT og tengdum gerningum, að takmarka eða banna útflutning eða sölu til útflutnings á þeirri vöru sem hagnaður í fríðu felst í; þó að því tilskildu að samningsaðili heimili yfirfærslu á hagnaði í fríðu eins og heimilt er samkvæmt eða tiltekið í fjárfestingarsamningi, fjárfestingarheimild eða öðrum skriflegum samningi milli viðkomandi samningsaðila og annað hvort fjárfestis annars samningsaðila eða fjárfestingar hans sem fyrirtækis.

15. gr.

Aðilaskipti.

1. Ef samningsaðili eða stofnun sem hann tilnefnir (hér á eftir nefndur eða nefnd „skaðabótageiðandi“) innir af hendi greiðslu samkvæmt skaðleysistryggingu eða ábyrgðaryfirlýsingu sem lögð er fram vegna fjárfestingar fjárfestis (hér á eftir nefndur „skaðabótaþegi“) á svæði annars samningsaðila (hér á eftir nefndur „heimaaðili“), skal heimaaðilinn viðurkenna:
 - a) framsal til skaðabótageiðandans á öllum réttindum og kröfum varðandi slíka fjárfestingu og
 - b) rétt skaðabótageiðandans til að neyta slíkra réttinda og fylgja slíkum kröfum eftir með skírskotun til aðilaskipta.
2. Skaðabótageiðandi skal í öllum tilvikum eiga rétt á:
 - a) sömu meðferð að því er varðar þau réttindi og kröfur sem hann hefur eignast með því framsali sem um getur í 1. mgr. og
 - b) sömu greiðslum sem inna ber af hendi samkvæmt þeim réttindum og kröfum sem skaðabótaþeginn átti rétt á að fá samkvæmt samningi þessum vegna þeirrar fjárfestingar sem um er að ræða.
3. Við hvers konar málsmeðferð skv. 26. gr. skal samningsaðili ekki halda því fram sem vörn, gagnkröfu, rétti til skuldajöfnunar eða af nokkurri annarri ástæðu að skaðleysisgreiðslur eða aðrar bætur fyrir allt meint tjón eða hluta þess hafi verið móttæknar eða muni verða móttæknar á grundvelli váttryggingar- eða ábyrgðarsamnings.

16. gr.

Tengsl við aðra samninga.

Þegar tveir eða fleiri samningsaðilar hafa áður gerst aðilar að alþjóðasamningi, eða gerast síðar aðilar að alþjóðasamningi, og skilmálar hans, í hvoru tilvikinu sem er, varða viðfangsefni III. eða V. hluta samnings þessa,

1. skal ekkert í III. eða V. hluta samnings þessa túlkað þannig að vikið sé frá ákvæðum slíkra skilmála hins samningsins eða frá nokkrum rétti til lausnar deilumálum þar að lútandi samkvæmt þeim samningi og
2. skal ekkert í slíkum skilmálum hins samningsins túlkað þannig að vikið sé frá nokkru ákvæði III. eða V. hluta samnings þessa eða frá nokkrum rétti til lausnar deilumálum þar að lútandi samkvæmt samningi þessum,

þegar einhver slík ákvæði eru hagstæðari fyrir fjárfestinn eða fjárfestinguna.

17. gr.

Viss tilvik þegar ákvæði iii. hluta samnings þessa gilda ekki.

Sérhver samningsaðili áskilur sér rétt til þess að neita eftirtöldum um þá kosti sem felast í þessum hluta:

1. lögaðila, ef ríkisborgarar eða menn af þjóðerni þriðja ríkis eiga eða stjórna þeim lögaðila og ef hann rekur enga verulega atvinnustarfsemi á því svæði samningsaðilans þar sem hann er stofnaður eða
2. fjárfestingu sem fyrirtæki, ef samningsaðilinn sem neitar sýnir fram á að slík fjárfesting sé fjárfesting fjárfestis þriðja ríkis og samningsaðilinn sem neitar:
 - a) hefur ekki stjórnmalasamband við ríkið eða

- b) samþykkir eða viðheldur rástöfunum sem:
- i. þýða að viðskipti við fjárfesta ríkisins eru bönnuð eða
 - ii. væri farið á svig við eða farið fram hjá ef fjárfestar ríkisins eða fjárfestingar þeirra nytu ávinnings af þessum hluta.

IV. HLUTI Ýmis ákvæði.

18. gr.

Fullveldisréttur yfir orkulindum.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna fullveldi ríkja og fullveldisrétt yfir orkulindum. Þeir staðfesta að þeim verði að beita í samræmi við og með fyrirvara um reglur þjóðaréttar.
2. Samningurinn skerðir á engan hátt reglur samningsaðilanna um tilhögun eignaréttar á orkulindum, án þess að það hafi áhrif á þau markmið að stuðla að aðgangi að orkulindum og leit og þróun þeirra á viðskiptagrundvelli.
3. Sérhvert ríki mun, áfram og einkum og sér í lagi, halda rétti sínum til að ákveða þau landsvæði innan svæðis síns sem opnuð verða fyrir leit og þróun orkulinda þess og ákveða hvernig ákjósanlegast sé að endurnýta þær og hversu hratt megi ganga á þær eða nýta á annan hátt, til að leggja á og njóta allra skatta, réttthafagreiðslna eða annarra greiðslna sem inna ber af hendi vegna fyrrnefndrar leitar og nýtingar og til að reglusetja umhverfis- og öryggisþætti í tengslum við slíka leit, þróun og endurvinnslu á svæði sínu og til að taka þátt í fyrrnefndri leit og nýtingu, m.a. með beinni þátttöku stjórnvalda eða ríkisfyrirtækja.
4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að greiða fyrir aðgangi að orkulindum, m.a. með því að úthluta, án mismununar og á grundvelli opinberlega birtra viðmiðunarheimilda, leyfum og sérleyfum og með því að gera samninga í því skyni að reyna að finna og leita að eða nýta eða sækja í orkulindir.

19. gr.

Umhverfissjónarmið.

1. Sérhver samningsaðili skal, í þeirri viðleitni sinni að stuðla að sjálfbærri þróun og með tilliti til skuldbindinga sinna samkvæmt þeim alþjóðasamningnum um umhverfismál sem hann er aðili að, kappkosta að lágmarka, með efnahagslega skilvirkum hætti skaðleg umhverfisáhrif innan eða utan svæðis síns frá öllum aðgerðum innan orkuferlisins á svæði sínu með tilhlýðilegu tilliti til öryggis. Sérhver samningsaðili skal hafa kostnaðarhagkvæmni að leiðarljósi í því starfi. Sérhver samningsaðili skal kappkosta, með stefnu sinni og aðgerðum, að gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir hnignun umhverfisins eða lágmarka slíkt. Samningsaðilarnir eru sammála um þá grundvallarreglu að sá sem veldur mengun á svæðum samningsaðila, þar með talin mengun sem berst yfir landamæri, skuli bera kostnað sem af henni hlýst þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til almannahagsmuna og án þess að raska fjárfestingum í orkuferlinu eða alþjóðaviðskiptum. Samningsaðilar skulu þar af leiðandi:
 - a) taka til greina umhverfissjónarmið við mótun og framkvæmd orkustefnu sinnar,
 - b) stuðla að markaðstengdri verðmyndun og að því að umhverfistengdur kostnaður og ávinningur endurspeglar betur gegnum allt orkuferlið,
 - c) með hliðsjón af 4. mgr. 34. gr., hvetja til samvinnu um að umhverfismarkmiðum sáttmálans verði náð og til samvinnu um alþjóðlega umhverfisstaðla fyrir orkuferlið, að teknu tilliti til ólíkrar stöðu samningsaðilanna að því er varðar skaðleg áhrif og kostnað við að draga úr þeim,
 - d) taka tillit til þess sérstaklega að bæta orkunýtni, þróa og nýta endurnýjanlega orkugjafa, hvetja til notkunar hreins eldsneytis og beita tækni og tæknilegum aðferðum sem draga úr mengun,
 - e) stuðla að því að samningsaðilar safni og skiptist á upplýsingum um umhverfissvæna og efnahagslega skilvirka orkustefnu og kostnaðarhagkvæmar aðferðir og tækni,
 - f) efla vitund almennings um umhverfisáhrif orkukerfa, svigrúm til að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra og þann kostnað sem tengist hinum ýmsu ráðstöfunum til að koma í veg fyrir eða draga úr þeim,

- g) stuðla að og taka þátt í samvinnu um rannsóknir, þróun og beitingu orkunýttinnar og umhverfisvænnar tækni, aðferða og starfshátta sem munu lágmarka skaðleg umhverfisáhrif allra þátta orkuferlisins með efnahagslega skilvirkum hætti,
 - h) stuðla að hagstæðum skilyrðum fyrir yfirfærslu og miðlun slíkrar tækni sem samræmast fullnægjandi og skilvirkri vernd hugverkaréttinda,
 - i) stuðla, á frumstigi og áður en ákvörðun er tekin, að gagnsæju mati, og eftirliti í kjölfarið, á umhverfisáhrifum sem leiðir af fjárfestingarverkefnum í orku sem hafa veruleg áhrif á umhverfið,
 - j) stuðla að vitund og upplýsingaskiptum þjóða í milli um þær umhverfisáætlanir og -staðla samningsaðilanna sem við eiga og um framkvæmd og beitingu þessara áætlana og staðla,
 - k) taka þátt, að fram kominni beiðni þar um og með þeim tilföngum sem tiltæk eru, í þróun og framkvæmd viðeigandi umhverfisáætlana hjá samningsaðilunum.
2. Óski einn eða fleiri samningsaðilar eftir því, skal ráðstefnan um orkusáttmálann taka til athugunar deilur um beitingu eða túlkun ákvæða þessarar greinar í því skyni að finna lausn á þeim, svo fremi að ekki liggja fyrir samkomulag um það hvernig beri að fjalla um slíkar deilur á öðrum viðeigandi alþjóðlegum vettvangi.
3. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
- a) „orkuferli“: öll orkukeðjan, þar með talin starfsemi sem tengist könnun, leit, framleiðslu, umbreytingu, geymslu, flutningi, dreifingu og notkun orku í mismunandi myndum, ennfremur meðhöndlun og förgun úrgangs og úrelding, stöðvun eða lokun þessarar starfsemi, og einnig aðgerðir til að lágmarka skaðleg umhverfisáhrif,
 - b) „umhverfisáhrif“: hver þau áhrif sem tiltekin starfsemi hefur á umhverfið, m.a. á heilbrigði og öryggi manna, plönturíki, dýraríki, jarðveg, loft, vatn, loftslag, landslag og sögulegar minjar eða önnur mannvirki og samspil þessara þátta; einnig eru meðtalin áhrif á menningararfleið eða félagshagfræðilegar aðstæður sem leiðir af breytingum sem verða á þessum þáttum,
 - c) „að bæta orkunýtni“: aðgerðir til þess að viðhalda sömu einingu afurðar (vöru eða þjónustu) án þess að minnka gæði eða afköst afurðarinnar og um leið að draga úr því orkumagni sem þarf til að framleiða þá sömu afurð,
 - d) „kostnaðarhagkvæmur“: að ná skilgreindu markmiði með lægsta tilkostnaði eða að fá mestan ávinning með gefnum tilkostnaði.

20. gr.

Gagnsæi.

1. Lög, reglur, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurðir sem hafa almenna skírskotun og hafa áhrif á viðskipti með orkugjafa og -vörur eru, í samræmi við a-lið 2. mgr. 29. gr., meðal þeirra ráðstafana sem lúta skulu gagnsæisreglum GATT og viðkomandi tengdra gerninga.
2. Lög, reglur, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði sem hafa almenna skírskotun og einhver samningsaðili framfylgir, svo og gildandi samninga milli samningsaðila, sem hafa áhrif á önnur mál sem samningur þessi tekur til, skal einnig birta án tafar með þeim hætti að samningsaðilar og fjárfestar geti kynnt sér þau. Ekkert í þessari málsgrein skal túlka þannig að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti af hendi trúnaðarupplýsingar sem myndi hindra framfylgd laga eða myndi á annan hátt vera andstætt hagsmunum almennings eða lögmætum viðskiptahagsmunum fjárfestis.
3. Sérhver samningsaðili skal tilnefna eina eða fleiri upplýsingamiðstöðvar sem senda má beiðni um upplýsingar um áður nefnd lög, reglugerðir, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði og skal þegar í stað tilkynna slíka tilnefningu til aðalskrifstofunnar sem skal veita upplýsingar um hana ef óskað er.

21. gr.

Skattlagning.

1. Ekkert í samningi þessum skapar réttindi eða skyldur, að því er varðar ráðstafanir samningsaðila viðvíkjandi skattlagningu, nema kveðið sé á um annað í þessari grein. Ef ákvæði þessarar greinar

- stangast á við önnur ákvæði í samningnum, ganga ákvæði þessarar greinar framur að því er ósamræmið varðar.
2. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. gilda um skattlagningarráðstafanir, aðrar en viðvíkjandi tekju- eða fjármagnsskatti, nema hvað ákvæði hennar gilda ekki um:
 - a) ívilnun sem samningsaðili veitir samkvæmt skattaákvæðum í samningi, samkomulagi eða samþykkt sem lýst er í ii. lið a-liðar 7. mgr. eða
 - b) hverja þá skattlagningarráðstöfun, sem miðar að því að tryggja skilvirka innheimtu skatta, nema þar sem ráðstöfun samningsaðila hefur í för með sér handahófskennda mismunun gegn orkugjöfum og -vörum sem eru upprunnar á svæði annars samningsaðila eða handahófskennda takmörkun á ávinningi sem fæst skv. 3. mgr. 7. gr.
 3. Ákvæði 2. og 7. mgr. 10. gr. gilda um ráðstafanir samningsaðila viðvíkjandi skattlagningu, aðrar en tekju- eða fjármagnsskatt, nema hvað ákvæði hennar skulu ekki:
 - a) leggja á kvaðir um bestukjarameðferð vegna ívilnana sem samningsaðili hefur veitt samkvæmt skattaákvæðum í samningi, samkomulagi eða samþykkt sem er lýst í ii. lið a-liðar 7. mgr. eða sem leiðir af aðild að svæðisstofnun um efnahagssamvinnu eða
 - b) gilda um hverja þá skattlagningarráðstöfun, sem miðar að því að tryggja skilvirka innheimtu skatta, nema þar sem sú ráðstöfun hefur í för með sér handahófskennda mismunun gagnvart fjárfesti annars samningsaðila eða handahófskennda takmörkun á ávinningi sem er veitt samkvæmt fjárfestingarákvæðum samnings þessa.
 4. Ákvæði 2. til 6. mgr. 29. gr. gilda um skattlagningarráðstafanir, aðrar en þær sem varða tekju- og fjármagnsskatt.
 5.
 - a) Ákvæði 13. gr. gilda um skatta.
 - b) Hvenær sem mál kemur upp skv. 13. gr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda, að því marki sem málið snýst um það hvort skattur teljist eignarnám eða hvort skattur, sem er meint eignarnám, hafi mismunum í för með sér:
 - i. Sá fjárfestir eða samningsaðili sem heldur því fram að um eignarnám sé að ræða skal vísa því máli um hvort skattur sé eignarnám eða hvort skattur hafi mismunum í för með sér til viðkomandi til þess bærna skattyfirvalda. Vísi viðkomandi fjárfestir eða samningsaðili málinu ekki til fyrrnefndra skattyfirvalda skulu stofnanir, sem kallaðar eru til í því skyni að leysa deilumál skv. c-lið 2. mgr. 26. gr. eða 2. mgr. 27. gr., vísa málinu til viðkomandi til þess bærna skattyfirvalda.
 - ii. Viðkomandi til þess bær skattyfirvöld skulu kappkosta, innan sex mánaða frá fyrrnefndri tilvísun, að leysa þau mál sem þannig er vísað til þeirra. Þegar um ræðir mál, er varða bann við mismunum, skulu viðkomandi til þess bær skattyfirvöld beita þeim ákvæðum um bann við mismunum sem er að finna í viðeigandi samningi um skattamál eða ef ekkert ákvæði um bann við mismunum er í þeim skattasamningi sem á við um skattinn eða ef enginn slíkur skattasamningur er í gildi milli þeirra samningsaðila sem um ræðir, skulu þau beita þeim meginreglum um bann við mismunum sem er að finna í skattasamningsfyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar um tekjur og fjármagn.
 - iii. Stofnanir, sem kallaðar eru til í því skyni að leysa deilumál samkvæmt c-lið 2. mgr. 26. gr. eða 2. mgr. 27. gr., geta tekið mið af niðurstöðum sem viðkomandi til þess bær skattyfirvöld hafa komist að varðandi þá spurningu hvort skatturinn teljist eignarnám. Fyrrnefndar stofnanir skulu taka mið af niðurstöðum sem viðkomandi til þess bær skattyfirvöld hafa komist að á því sex mánaða tímabili sem mælt er fyrir um í ii. lið b-liðar því viðvíkjandi hvort skatturinn hafi í för með sér mismunum. Fyrrnefndar stofnanir geta og tekið mið af niðurstöðum sem viðkomandi til þess bær skattyfirvöld hafa komist að eftir að fyrrnefndu sex mánaða tímabili lauk,
 - iv. Aðkoma viðkomandi til þess bærna skattyfirvalda skal ekki, undir neinum kringumstæðum, leiða til tafa á málsmeðferð skv. 26. og 27. gr. fram yfir lok þess sex mánaða tímabils sem um getur í ii. lið b-liðar.
 6. Til að taka af allan vafa takmarka ákvæði 14. gr. ekki rétt samningsaðila til þess að leggja á eða heimta skatt með því að halda eftir fjármunum eða með öðrum aðferðum.
 7. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) Hugtakið „skattlagningarráðstöfun“ tekur til:
 - i. allra ákvæða um skatta í landslögum samningsaðila eða sjálfstjórnarhéraða hans eða staðaryfirvalda og
 - ii. allra ákvæða um skatta í tvísköttunarsamningi eða öðrum milliríkjasamningi eða samþykkt sem viðkomandi samningsaðili er bundinn af.
- b) Til skatta á tekjur eða fjármagn skulu teljast allir skattar af heildartekjum, af heildarfjármagni eða af einstökum liðum tekna eða fjármagns, þar á meðal eru skattar á hagnað vegna sölu eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir eða skattar svipaðrar tegundar, skattar á heildarfjárhæð kaups eða fastra launa sem fyrirtæki greiða svo og skattar á verðmætisaukningu fjármagns.
- c) „Til þess bært skattyfirvald“: lögbært stjórnvald samkvæmt tvísköttunarsamningi sem er í gildi milli samningsaðila eða, ef enginn slíkur samningur er í gildi, sá ráðherra eða ráðuneyti sem ber ábyrgð á sköttum eða viðurkenndir fulltrúar þeirra.
- d) Til að taka af allan vafa taka hugtökin „skattaákvæði“ og „skattar“ ekki til tolla.

22. gr.

Ríkisfyrirtæki og fyrirtæki sem njóta forréttinda.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að hvert það ríkisfyrirtæki sem hann viðheldur eða stofnar reki starfsemi sína, að því er varðar sölu eða afhendingu vara og þjónustu á svæði hans, með þeim hætti að samræmist skuldbindingum samningsaðilans skv. III. hluta samnings þessa.
2. Enginn samningsaðili skal hvetja til eða krefjast þess af slíku ríkisfyrirtæki að það reki starfsemi sína á svæði hans með þeim hætti að ekki samræmist skuldbindingum samningsaðilans samkvæmt öðrum ákvæðum samnings þessa.
3. Sérhver samningsaðili skal tryggja að stofni hann eða viðhaldi rekstrareiningu og feli henni reglusetningar- eða stjórnarsýsluvald eða annað opinbert vald, þá beiti sú rekstrareining því valdi með þeim hætti að samræmist skuldbindingum samningsaðilans samkvæmt samningi þessum.
4. Enginn samningsaðili skal hvetja til eða krefjast þess af nokkurri rekstrareiningu, sem hann veitir einkarétt eða sérréttindi, að hún reki starfsemi sína á svæði hans með þeim hætti að ekki samræmist skuldbindingum samningsaðilans samkvæmt samningi þessum.
5. Í þessari grein merkir „rekstrareining“ fyrirtæki, stofnun eða önnur samtök eða einstakling.

23. gr.

Fullnusta yfirvalda á lægri stjórnstigum.

1. Sérhver samningsaðili ber samkvæmt samningi þessum fulla ábyrgð á því að öllum ákvæðum samnings þessa sé framfylgt og skal gera allar réttmætar ráðstafanir, sem í honum kunna að vera tiltækar, til þess að tryggja að héraðs- og sveitastjórnir og yfirvöld á þeim stjórnarsýslustigum ástundi fullnustu þeirra á svæði sínu.
2. Heimilt er að skírskota til ákvæða um lausn deilumála í II., IV. og V. hluta samnings þessa viðvíkjandi ráðstöfunum sem hafa áhrif á það að samningsaðili framfylgi samningnum og héraðs- stjórnir eða sveitastjórnir eða yfirvöld á þeim stjórnarsýslustigum hafa gripið til á svæði viðkomandi samningsaðila.

24. gr.

Undantekningar.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um 12., 13. og 29. gr.
2. Ákvæði samnings þessa önnur en
 - a) þau sem um getur í 1. mgr. og
 - b) að því er varðar i. lið III. hluta samnings þessa koma ekki í veg fyrir að neinn samningsaðili samþykki eða beiti neinni ráðstöfun,
 - i. sem er nauðsynleg til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
 - ii. sem er nauðsynleg til að afla eða dreifa orkugjöfum eða -vörum sem skortur er á af ástæðum sem ekki eru á valdi þess samningsaðila, að því tilskildu að slík ráðstöfun samræmist þeim meginreglum að

- A) allir aðrir samningsaðilar hafi rétt til sanngjarns hluta af alþjóðlegu framboði slíkra orkugjafa og -vara og
- B) sérhver slík ráðstöfun, sem ekki samræmist ákvæðum samnings þessa, skuli hætt þegar þær aðstæður sem urðu tilefni hennar eru ekki lengur til staðar eða
- iii. sem er ætlað að vera til hagsbóta fyrir fjárfesta, sem eru frumbyggjar eða einstaklingar sem tilheyra hópum sem standa höllum fæti félagslega eða fjárhagslega, og fjárfestingar þeirra og séu tilkynntar aðalskrifstofunni sem slíkar með því skilyrði að slík ráðstöfun
 - A) hafi ekki umtalsverð áhrif á hagkerfi samningsaðilans og
 - B) mismuni ekki fjárfestum annarra samningsaðila og fjárfestum þess samningsaðila sem er ekki meðal þeirra sem ráðstöfunin á að þjóna, að því tilskildu að slík ráðstöfun feli ekki í sér duldar hömlur á atvinnustarfsemi í orkugeiranum eða handahófskennda eða óréttlætanagerlega mismunun milli samningsaðila eða fjárfesta eða annarra hagsmunaaðila samningsaðila. Fyrirnefndar ráðstafanir skulu rökstuddar með tilhlýðilegum hætti og ekki ógilda eða skerða ávinning, sem einn eða fleiri samningsaðilar geta með sanngirni vænst samkvæmt samningi þessum, umfram það sem nauðsynlegt er til að settu marki sé náð.
- 3. Ákvæði samnings þessa, önnur en þau sem um getur í 1. mgr., skulu ekki túlkuð þannig að hindri neinn samningsaðila í því að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:
 - a) til þess að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína, þar með talið
 - i. þá sem varða framboð á orkugjöfum og -vörum til herstöðva eða
 - ii. á stríðstímum eða þegar vopnuð átök standa yfir eða önnur neyð ríkir í alþjóðasamskiptum eða
 - b) í tengslum við framkvæmd landsbundinna stefna varðandi bann við dreifingu kjarnavopna eða annars kjarnasprengibúnaðar eða sem eru nauðsynlegar til þess að hann geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum, viðmiðunarreglum kjarnbirgja og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum eða samkomulagi eða
 - c) til þess að halda uppi allsherjarreglu.
 Slíkar ráðstafanir skulu ekki fela í sér duldar hömlur á umflutningi.
- 4. Þau ákvæði samnings þessa sem veita bestukjarameðferð skulu ekki skuldbinda samningsaðila til að veita fjárfestum annars samningsaðila neina ívilnandi meðferð:
 - a) sem á rætur að rekja til aðildar hans að fríverslunarsvæði eða tollabandalagi eða
 - b) sem er veitt með tvíhliða eða marghliða samkomulagi um efnahagssamvinnu milli ríkja, sem voru hluti af Sovétríkjunum fyrirverandi, meðan þess er beðið að gagnkvæm efnahagstengsl þeirra á milli taki á sig endanlega mynd.

25. gr.

Samningar um efnahagssamvinnu.

1. Ákvæði samnings þessa skal ekki túlka þannig að þau skyldi samningsaðila, sem er aðili að samningi um efnahagssamvinnu (hér á eftir nefndur „SUES“), til að veita, með bestukjarameðferð, öðrum samningsaðila, sem er ekki aðili að þeim SUES-samningi, ívilnandi meðferð af einhverju tagi sem í gildi er milli aðila að þeim SUES-samningi vegna aðildar þeirra að honum.
2. Að því er varðar 1. mgr. merkir „SUES“-samningur samning sem veitir veitir verulega aukið frelsi, m.a. til viðskipta og fjárfestinga með því að kveða á um að í aðalatriðum sé mismunun milli eða meðal aðila ekki til staðar eða hún afnumin með því að afnema gildandi ráðstafanir sem valda mismunun og eða banna nýjar ráðstafanir sem valda mismunun eða ráðstafanir sem valda frekari mismunun, annaðhvort við gildistöku samningsins eða innan hæfilegs tímaramma.
3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á beitingu GATT og tengdra gerninga skv. 29. gr.

V. HLUTI
Lausn deilumála.

26. gr.

Lausn deilumála milli fjárfestis og samningsaðila.

1. Deilur milli samningsaðila og fjárfestis annars samningsaðila um fjárfestingu þess síðarnefnda á svæði hins fyrrnefnda, sem snúast um meinta vanefnd á skuldbindingu hins fyrrnefnda skv. III. hluta, skal leysa í vinsemd ef þess er kostur.
2. Verði slíkar deilur ekki leystar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar annar hvor deiluaðila fer fram á að viðkomandi deila sé leyst í vinsemd, getur fjárfestirinn, sem er deiluaðili, valið að leggja deiluna fram til úrlausnar:
 - a) fyrir dómstóla eða stjórnarsýsludómstóla þess samningsaðila sem er aðili að deilunni,
 - b) í samræmi við hvaða gildandi, áður samþykka málsmeðferð við lausn deilumála sem er eða
 - c) í samræmi við eftirfarandi málsgreinar þessarar greinar.
3. a) Sérhver samningsaðili veitir hér með, einungis með fyrirvara um b- og c-lið, skilyrðislaust samþykki sitt fyrir því að deila sé lögð fyrir alþjóðlegan gerðardóm eða fram til sáttameðferðar í samræmi við við ákvæði þessarar greinar.
 - b) i. Þeir samningsaðilar sem eru skráðir í I. viðauka D veita ekki slíkt skilyrðislaust samþykki, hafi viðkomandi fjárfestir áður lagt deiluna fram skv. a- eða b-lið 2. mgr.
 - ii. Í þágu gagnsæis skal sérhver samningsaðili, sem er skráður í I. viðauka D, leggja fram skriflega yfirlýsingu um stefnu sína, venjur og skilyrði hvað þetta varðar til aðalskrifstofunnar, eigi síðar en þann dag þegar hann afhendir skjal sitt um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki til vörslu í samræmi við 39. gr. eða leggur fram skjal sitt um aðild til vörslu í samræmi við 41. gr.
 - c) Samningsaðili, sem er skráður í I. viðauka A, veitir ekki slíkt skilyrðislaust samþykki viðvíkjandi deilu sem kemur upp vegna ákvæða síðasta málsliðar 1. mgr. 10. gr.
4. Kjósi fjárfestir að vísa deilunni til úrlausnar skv. c-lið 2. mgr., skal hann enn fremur leggja fram skriflegt samþykki sitt fyrir því að deilunni verði vísað til:
 - a) i. Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna, sem var komið á fót samkvæmt samningnum um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja sem lagður var fram til undirritunar í Washington 18. mars 1965 (hér á eftir nefndur ICSID-samningurinn), ef samningsaðili fjárfestisins og samningsaðilinn, sem er deiluaðili, eru báðir aðilar að ICSID-samningnum eða
 - ii. Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna, sem var komið á fót samkvæmt samningnum sem um getur í i. lið a-liðar, samkvæmt þeim reglum sem gilda um sérlausnir þegar aðalskrifstofa stofnunarinnar annast málsmeðferð (hér á eftir nefndar „reglur um sérlausnir“), ef samningsaðili fjárfestisins eða samningsaðilinn sem er deiluaðili, en ekki báðir, er aðili að ICSID-samningnum,
 - b) eins gerðarmanns eða sérstaks alþjóðlegs gerðardóms sem er stofnsettur samkvæmt gerðardómsreglum alþjóðaviðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna (hér á eftir nefnd UNCITRAL-nefndin) eða
 - c) gerðardómsmeðferðar fyrir gerðardómi verslunarráðs Stokkhólms.
5. a) Samþykkið, sem er veitt í 3. mgr., ásamt skriflegu samþykki fjárfestisins, sem er veitt skv. 4. mgr., skal teljast uppfylla kröfuna um:
 - i. skriflegt samþykki deiluaðila að því er varðar ákvæði II. kafla ICSID-samningsins og að því er varðar reglurnar um sérlausnir,
 - ii. „skriflegt samkomulag“ að því er varðar II. gr. samningsins um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, sem var gerður 10. júní 1958 í New York (hér á eftir nefndur „New York-samningurinn“), og
 - iii. „að aðilar að samningi hafi gert skriflegt samkomulag“ að því er varðar 1. gr. UNCITRAL-gerðardómsreglnanna.
- b) Öll gerðardómsmeðferð samkvæmt þessari grein skal, ef einhver deiluaðili óskar þess, fara fram í ríki sem er aðili að New York-samningnum. Kröfur, sem eru lagðar í gerð samkvæmt

honum, skulu teljast hafa risið vegna viðskiptatengsla eða verslunarviðskipta í skilningi I. gr. þess samnings.

6. Dómstóll, sem skipaður er skv. 4. mgr., skal úrskurða um deiluefnin samkvæmt ákvæðum samnings þessa og gildandi ákvæðum og meginreglum þjóðaréttar.
7. Fjárfestir, annar en einstaklingur sem hefur sama þjóðerni og samningsaðili sem er deiluaðili þegar það skriflega samþykki sem um getur í 4. mgr. er dagsett og sem, áður en deila rís milli hans og fyrrnefnds samningsaðila, lýtur stjórn fjárfesta annars samningsaðila, skal, að því er varðar ákvæði b-liðar 2. mgr. 25. gr. ICSID-samningsins, hljóta meðferð sem „ríkisborgari annars samningsríkis“ og skal, að því er varðar ákvæði 6. mgr. 1. gr. reglnanna um sérlausnir, hljóta meðferð sem „ríkisborgari annars ríkis“.
8. Úrskurðir gerðardóms, sem geta falið í sér úrskurð um hagsmuni, eru endanlegir og bindandi fyrir deiluaðila. Í úrskurði gerðardóms um ráðstöfun stjórnvalds eða yfirvalds á lægri stjórnstigum en ríkisvald þess samningaðila sem á í deilu skal koma fram að samningsaðilanum sé heimilt að greiða fébætur í stað hvers kyns annarra lausna sem til greina koma. Sérhver samningsaðili skal framfylgja, án tafar, hverjum slíkum úrskurði og gera ráðstafanir til þess að fyrrnefndum úrskurðum verði fullnægt með skilvirkum hætti á svæði sínu.

27. gr.

Lausn deilumála milli samningsaðila.

1. Samningsaðilar skulu leitast við að leysa deilur um beitingu eða túlkun ákvæða samnings þessa eftir diplómátskum leiðum.
2. Hafi deila ekki verið leyst í samræmi við ákvæði 1. mgr. innan hæfilegs tíma, getur hvor deiluaðili sem er, eftir að hafa sent skriflega tilkynningu til hins deiluaðilans, vísað málinu til sérstaks gerðardóms samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum eða samþykkt skriflega af hálfu samningsaðilanna og að undantekinni beitingu eða túlkun ákvæða 6. gr. eða 19. gr. eða, að því er varðar samningsaðila sem skráðir eru í viðauka IA, ákvæða síðasta málslíðar 1. mgr. 10. gr.
3. Slíkur sérstakur gerðardómur skal skipaður sem hér segir:
 - a) Samningsaðilinn, sem hefur málsmeðferðina, skal tilnefna einn gerðarmann og tilkynna hinum samningsaðilanum, sem er aðili að deilunni, um tilnefninguna innan 30 daga frá því að hinn samningsaðilinn veitir þeirri tilkynningu er um getur í 2. mgr. viðtöku,
 - b) Hinn samningsaðilinn, sem er aðili að deilunni, skal tilnefna einn gerðarmann innan 60 daga frá viðtöku hinnar skriflegu tilkynningar er um getur í 2. mgr. Ef ekki er tilnefnt innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um, getur samningsaðilinn, sem hóf málsmeðferðina og innan 90 daga frá viðtöku hinnar skriflegu tilkynningar er um getur 2. mgr., farið fram á að tilnefningin sé framkvæmd í samræmi við ákvæði d-liðar,
 - c) Þriðji gerðarmaðurinn, sem skal ekki vera af þjóðerni eða ríkisborgari samningsaðilans sem er aðili að deilunni, skal tilnefndur af þeim samningsaðilum sem eru aðilar að deilunni. Þessi gerðarmaður skal gegna formennsku í gerðardóminum. Hafi samningsaðilarnir, innan 150 daga frá viðtöku tilkynningar þeirrar er um getur í 2. mgr., ekki orðið sammála um tilnefningu þriðja gerðarmannsins, skal sú tilnefning fara fram í samræmi við ákvæði d-liðar, að beiðni annars hvors samningsaðilans sem skal lögð fram innan 180 daga frá viðtöku fyrrnefndrar tilkynningar,
 - d) aðalframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins í Haag skal annast þær tilnefningar sem farið er fram á í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar innan 30 daga frá því að beiðni þess efnis er veitt viðtaka. Geti aðalframkvæmdastjórinn ekki sinnt þessu verkefni skal aðal-skrifstofustjórinn annast þessar tilnefningar. Ef hann getur heldur ekki sinnt þessu verkefni skal sá staðgengill sem hefur lengstan starfsaldur annast tilnefningarnar,
 - e) þegar tilnefningar fara fram skv. a- til d-lið skal tekið tillit til menntunar, hæfis og reynslu, einkum hvað varðar þau málefni sem samningur þessi fjallar um, þeirra gerðarmanna sem tilnefna á,
 - f) ef ekki liggur fyrir samningur um annað milli samningsaðilanna, skulu gerðardómsreglur alþjóðaviðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna gilda, nema að því marki sem þeir samn-

- ingsaðilar sem eru aðilar að deilunni eða gerðarmennirnir hafa gert breytingar á þeim. Ákvarðanir gerðardómsins skulu teknar með einföldum meirihluta atkvæða gerðarmanna,
- g) gerðardómurinn skal setja niður deiluna í samræmi við ákvæði samnings þessa og gildandi ákvæði og meginreglur Þjóðaréttar,
 - h) úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir þá samningsaðila sem eiga aðild að deilunni,
 - i) komist gerðardómur að þeirra niðurstöðu, þegar hann vinnur að úrskurði sínum, að ráðstöfun héraðs- eða sveitarstjórnar eða yfirvalda á þeim stjórnsýslustigum á svæði samningsaðila, sem er skráður í I. hluta viðauka P, sé í ósamræmi við samning þennan, getur hvor deiluaðila sem er skírskotað til ákvæða II. hluta í viðauka P,
 - j) kostnaður vegna gerðardómsins, þ.m.t. þóknun gerðarmanna, skal skiptast jafnt milli þeirra samningsaðila sem eru aðilar að deilunni. Gerðardómurinn getur, engu að síður, að vild mælt svo fyrir að annar samningsaðilinn, sem er aðili að deilunni, greiði hærri hluta af kostnaðinum,
 - k) gerðardómurinn skal sitja í Haag og nota athafnasvæði og aðstöðu Alþjóðagerðardómsins, nema samningsaðilarnir, sem eru aðilar að deilunni, komi sér saman um annað,
 - l) afrit af úrskurðinum skal afhent aðalskrifstofunni til vörslu sem gerir hann öllum aðgengilegan.

28. gr.

Þegar ákvæði 27. gr. eiga ekki við í tilteknum deilum.

Deila milli samningsaðila, sem fjallar um beitingu og túlkun á 5. eða 29. gr., skal ekki leyst skv. 27. gr. nema samningsaðilarnir, sem eru aðilar að deilunni, samþykki það.

VI. HLUTI

Umbreytingarákvæði.

29. gr.

Bráðabirgðaákvæði um viðskiptatengd málefni.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda um viðskipti með orkugjafa og -vörur meðan einhver samningsaðila er ekki aðili að GATT og tengdum gerningum.
2.
 - a) Viðskipti með orkugjafa og -vörur milli samningsaðila, þar sem a.m.k. einn þeirra er ekki aðili að GATT eða viðeigandi tengdum gerningi, skulu stjórnast, með fyrirvara um ákvæði b- og c-liðar og þær undantekningar og reglur sem kveðið er á um í viðauka G, af ákvæðum GATT-samkomulagsins frá 1947 og tengdum gerningum, eins og þeim var beitt hinn 1. mars 1994 og aðilar að GATT-samkomulaginu frá 1947 framkvæmdu þau sín á milli að því er varðar orkugjafa - og vörur, eins og allir samningsaðilar væru aðilar að GATT-samkomulaginu frá 1947 og tengdum gerningum.
 - b) Slík viðskipti samningsaðila, sem var ríki sem var hluti af Sovétríkjunum fyrrverandi, geta þess í stað stjórnast, með fyrirvara um ákvæði TFU viðaukans, af samkomulagi milli tveggja eða fleiri slíkra ríkja til 1. desember 1999 eða þar til sá samningsaðili gerist aðili að GATT-samningnum, hvort sem fyrr verður.
 - c) Að því er varðar viðskipti milli tveggja aðila að GATT gilda ákvæði a-liðar ekki ef annar fyrrnefndra aðila er ekki aðili að GATT-samkomulaginu frá 1947.
3. Sérhver undirritunaraðili samnings þessa og sérhvert ríki eða svæðisstofnanir um efnahags-samvinnu, sem gerast aðili að samningi þessum, skal, þann dag þegar það undirritar eða afhendir skjal sitt um aðild til vörslu, láta aðalskrifstofunni í té skrá yfir alla tollskrártaxta og önnur gjöld sem lögð eru á orkugjafa og -vörur þegar þegar inn- eða útflutningur fer fram og tilkynna um mörk slíkra taxta og gjalda sem lögð eru á á undirritunar- eða afhendingardegi. Allar breytingar á slíkum töxtum eða gjöldum skal tilkynna aðalskrifstofunni sem aftur tilkynnir samningsaðilunum um slíkar breytingar.
4. Sérhver samningsaðili skal leitast við að hækka ekki tollskrártaxta eða önnur gjöld sem eru lögð á við inn- eða útflutning:

- a) þegar um ræðir innflutning á orkugjöfum og -vörum sem er lýst í I. hluta skrárinnar sem varðar þann samningsaðila er um getur í II. gr. í GATT, umfram þau mörk sem sett eru fram í þeirri skrá, ef samningsaðilinn er aðili að GATT,
 - b) þegar um ræðir útflutning á orkugjöfum og -vörum og innflutning þeirra ef samningsaðilinn er ekki aðili að GATT, umfram þau mörk sem aðalskrifstofunni var síðast tilkynnt um, nema eins og heimilt er samkvæmt þeim ákvæðum sem taka gildi skv. a-lið 2. mgr.
5. Samningsaðila er því aðeins heimilt að hækka slíkan tollskrártaxta eða önnur gjöld umfram þau mörk er um getur í 4. mgr. ef:
- a) þegar um ræðir taxa eða annað gjald sem er lagt á við innflutning, slík aðgerð er ekki í ósamræmi við gildandi ákvæði GATT, önnur en þau ákvæði GATT-samkomulagsins frá 1947 og tengdra gerninga sem skráðir eru í viðauka G og samsvarandi ákvæði GATT-samningsins frá 1994 og tengdra gerninga eða
 - b) hann hefur, eftir því sem frekast er unnt samkvæmt löggjafarleiðum sínum tilkynnt aðal-skrifstofunni um tillögu sína að slíkri hækkun, veitt öðrum samningsaðilum, sem eiga hags-muna að gæta, sanngjarnt tækifæri til samráðs um fyrrnefnda tillögu og tekið tillit til málflutnings þeirra.
6. Undirritunaraðilar skuldbinda sig til þess að hefja samningaviðræður eigi síðar en 1. janúar 1995 með það fyrir augum að ljúka, eigi síðar en 1. janúar 1998 og eftir því sem við á í ljósi hvers kyns breytinga á viðskiptakerfi heimsins, við gerð texta til breytingar á samningi þessum sem skal, með fyrirvara um skilyrði sem mælt verður fyrir um í honum, skuldbinda sérhvern samningsaðila til þess að hækka ekki fyrrnefnda taxa eða gjöld umfram þau mörk sem mælt er fyrir um í þeirri breytingu.
- 7) Viðauki D gildir um deilur um það hvort ákvæði, sem gilda um viðskipti samkvæmt þessari grein, séu virt og, nema báðir samningsaðilar komi sér saman um annað, um deilur milli samningsaðila um það hvort ákvæði 5. gr. séu virt, ef a.m.k. annar þeirra er ekki aðili að GATT, að því undan-skildu að ákvæði viðauka D gilda ekki um deilur milli samningsaðila þegar deiluefnið varðar samning sem:
- a) hefur verið tilkynntur í samræmi við og uppfyllir aðrar kröfur b-liðar 2. mgr. og TFU viðauka-ana eða
 - b) kemur á fríverslunarsvæði eða tollabandalagi eins og lýst er í XXIV. grein GATT-sam-ningsins.

30. gr.

Þróun fyrirkomulags alþjóðaviðskipta.

Í ljósi niðurstaðna Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna eins og þær koma fyrst og fremst fram í lokagerðinni sem var samþykkt í Marakess 15. apríl 1994, skuldbinda samningsaðilar sig til þess að hefja athugun, eigi síðar en 1. júlí 1995 eða við gildistöku samnings þessa, hvort sem síðar verður, á viðeigandi breytingum á samningi þessum með það í huga að samþykkja allar slíkar breyt-ingar á ráðstefnunni um orkusáttmálann.

31. gr.

Orkutengdur búnaður.

Á á fyrsta fundi skammtímaráðstefnunnar um orkusáttmálann skal hefja athugun á að fella orku-tengdan búnað inn í viðskiptaákvæði samnings þessa.

32. gr.

Umbreytingarráðstafanir.

1. Þar sem viðurkennt er að þörf er á tíma til að aðlagast kröfum um markaðshagkerfi er samnings-aðila, sem er skráður í viðauka T, heimilt að fresta því tímabundið að efna að fullu skuldbindingar sínar samkvæmt einu eða fleiri af eftirfarandi ákvæðum samnings þessa, með fyrirvara um skil-yrðin í 3. til 6. mgr.:
 2. og 5. mgr. 6. gr.
 4. mgr. 7. gr.

1. mgr. 9. gr.
7. mgr. 10. gr. – sérstakar ráðstafanir,
d-liður 1. mgr. 14. gr. – aðeins varðandi flutning á óráðstöfuðum tekjum,
3. mgr. 20. gr.
1. og 3. mgr. 22. gr.
2. Aðrir samningsaðilar skulu aðstoða samningsaðila, sem hefur frestað því tímabundið að uppfylla að fullu skuldbindingar sínar skv. 1. mgr., við að skapa skilyrði til þess að binda enda á frestunina. Þessa aðstoð má veita í þeirri mynd sem hinir samningsaðilarnir telja best til þess fallna að svara þeim þörfum sem tilkynnt er um skv. c-lið 4. mgr., m.a. þar sem það á við, með tvíhliða eða marghliða ráðstöfunum.
3. Viðeigandi ákvæði, áfangar að því að beita hverju þeirra að fullu, þær ráðstafanirnar sem gera skal og sá dagur eða, í undantekningartilvikum, sá hugsanlegi atburður þegar sérhverjum áfanga skal vera lokið og þeirri ráðstöfun sem er gripið til eru talin upp í viðauka T fyrir sérhvern samningsaðila sem gerir tilkall til umbreytingarráðstafana. Sérhver fyrrnefndur samningsaðili skal grípa til þeirrar ráðstöfunar sem upp er talin eigi síðar en þann dag sem er tilgreindur vegna viðkomandi ákvæðis og áfanga, eins og sett er fram í viðauka T. Samningsaðilar, sem hafa frestað því tímabundið að efna skuldbindingar að fullu sbr. 1. mgr., gangast undir að efna viðkomandi skuldbindingar að fullu eigi síðar en 1. júlí 2001. Telji samningsaðili nauðsynlegt, í undantekningartilvikum, að óska eftir því að tímabil fyrrnefndrar tímabundinnar frestunar sé framlengt eða að frekari tímabundin frestun, sem ekki hefur áður verið talin upp í viðauka T, sé felld inn, skal ráðstefnan um orkusáttmálann taka ákvörðun um slíka beiðni um breytingu á viðauka T.
4. Samningaðili, sem hefur skírskotað til umbreytingarráðstafana, skal tilkynna aðalskrifstofunni eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti:
- um framkvæmd allra ráðstafana sem eru taldar upp í viðauka T og almennt um hvernig honum miðar að uppfylla skuldbindingar að fullu,
 - um þann árangur sem hann býst við að ná á næstu 12 mánuðum í viðleitni sinni að uppfylla skuldbindingar að fullu, um þau vandamál sem hann sér fyrir og um tillögur sínar þess efnis hvernig hann hyggst bregðast við þeim,
 - um þörf á tæknilegri aðstoð til þess að greiða fyrir því að unnt sé að ljúka þeim áföngum sem tilgreindir eru í viðauka T, eins og nauðsynlegt er til þess að samningur þessi komi að fullu til framkvæmda eða til þess að bregðast við vandamálum sem tilkynnt er um skv. b-lið, enn fremur til þess að stuðla að öðrum nauðsynlegum umbótum sem miðast við þarfir markaðarins og að nútímavæðingu orkugeirans hjá honum,
 - um hugsanlega þörf á því að leggja fram beiðni að því tagi sem um getur í 3. mgr.
5. Aðalskrifstofan skal:
- dreifa þeim tilkynningum sem um getur í 4. mgr. til allra samningsaðila,
 - dreifa upplýsingum því viðvíkjandi og stuðla á virkan hátt að því að þeir sem hafa þörf fyrir þá tæknilegu aðstoð sem um getur í 2. mgr. og c-lið 4. mgr. og þeir sem bjóða fram slíka aðstoð séu leiddir saman og styðjast, þar sem það á við, við fyrirkomulag sem er til staðar innan annarra alþjóðastofnana,
 - dreifa til allra samningsaðila í lok hvers sex mánaða tímabils samantekt um allar tilkynningar skv. a- eða d-lið 4. mgr.
6. Ráðstefnan um orkusáttmálann skal meta árlega þann árangur sem samningsaðilar hafa náð í að koma ákvæðum þessarar greinar til framkvæmdar og í að leiða saman þá sem hafa þörf fyrir og þá sem bjóða fram þá tæknilegu aðstoð sem um getur í 2. mgr. og c-lið 4. mgr. Meðan á því mati stendur getur ráðstefnan ákveðið að grípa til viðeigandi aðgerða.

VII. HLUTI

Skipulag og stofnanir.

33. gr.

Bókanir við orkusáttmálann og yfirlýsingar.

- Ráðstefnan um orkusáttmálann getur heimilað að samið sé um ýmsar bókanir við orkusáttmálann eða yfirlýsingar með honum í því skyni að vinna að markmiðum og meginreglum sáttmálans.

2. Allir aðilar sem undirrita sáttmálann geta tekið þátt í slíkum samningaviðræðum.
3. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal ekki verða aðili að bókun eða yfirlýsingu nema það eða hún sé eða verði samtímis undirritunaraðili að sáttmálanum og aðili að samningi þessum.
4. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. og a-liðar 6. gr. skulu lokaákvæði sem gilda um bókun skilgreind í þeirri bókun.
5. Bókun gildir einungis gagnvart þeim samningsaðilum sem samþykkja að vera bundnir af henni og skal ekki víkja frá réttindum og skyldum þeirra samningsaðila sem eru ekki aðilar að bókuninni.
6. a) Samkvæmt bókun er heimilt að fela ráðstefnunni um orkusáttmálann verkefni og aðalskrifstofunni hlutverk, að því tilskildu að slíkt sé ekki gert með breytingu á bókun nema ráðstefnan um orkusáttmálann samþykki breytinguna, en samþykki hennar skal ekki vera með fyrirvara um nein ákvæði bókunarinnar sem eru heimiluð skv. b-lið.
- b) Í bókun, þar sem kveðið er á um að ráðstefnan um orkusáttmálann taki ákvarðanir samkvæmt henni, geta, með fyrirvara um ákvæði a-liðar, verið ákvæði að því er slíkar ákvarðanir varðar:
 - i. um reglur um atkvæðagreiðslu, aðrar en þær sem er að finna í 36. grein,
 - ii. þess efnis að einungis aðilar að bókuninni skuli teljast samningsaðilar í skilningi 36. gr. eða hafi atkvæðisrétt samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í bókuninni.

34. gr.

Ráðstefnan um orkusáttmálann.

1. Samningsaðilarnir skulu koma saman með reglulegu millibili á ráðstefnu um orkusáttmálann (hér á eftir nefnd „ráðstefnan um sáttmálann“) þar sem hver samningsaðili á rétt á að senda einn fulltrúa. Reglubundna fundi skal halda með millibili sem ráðstefnan um sáttmálann ákveður.
2. Heimilt er að halda aukafundi ráðstefnunnar um sáttmálann þegar hún kann að ákveða það eða að fram kominni skriflegri beiðni einhvers samningsaðila, að því tilskildu að a.m.k. einn þriðji samningsaðilanna lýsi yfir stuðningi við slíka beiðni innan sex vikna frá því að aðalskrifstofan sendir samningsaðilunum fyrrnefnda beiðni.
3. Hlutverk ráðstefnunnar um sáttmálann er að:
 - a) sinna þeim skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt samningi þessum og öllum bókunum við hann,
 - b) hafa eftirlit með og greiða fyrir framkvæmd meginreglna sáttmálans og ákvæða samnings þessa og bókananna,
 - c) greiða fyrir, í samræmi við samning þennan og bókanir við hann, samræmingu þeirra almennu ráðstafana sem við eiga í því skyni að að framfylgja meginreglum sáttmálans,
 - d) fjalla um og samþykkja áætlanir um þau verkefni sem aðalskrifstofunni ber að leysa,
 - e) fjalla um og samþykkja ársreikninga og fjárhagsáætlun aðalskrifstofunnar,
 - f) fjalla um og samþykkja eða taka upp skilmála höfuðstöðva eða annarra samninga, m.a. forréttindi og friðhelgi sem talin eru nauðsynleg fyrir ráðstefnuna um sáttmálann og aðalskrifstofuna,
 - g) hvetja til samvinnu sem miðar að því að greiða fyrir og stuðla að markaðsmiðuðum umbótum og nútímavæðingu orkugeirans í þeim löndum Mið- og Austur-Evrópu og Sovétríkjunum fyrrverandi sem ganga í gegnum efnahagslega umbreytingu,
 - h) heimila og samþykkja umboð fyrir samningaviðræður um bókanir og fjalla um og samþykkja texta þeirra og breytingar á þeim,
 - i) heimila samningaviðræður um yfirlýsingar og samþykkja útgáfu þeirra,
 - j) taka ákvarðanir um aðild að samningi þessum,
 - k) heimila samningaviðræður um og fjalla um og samþykkja eða taka upp samstarfssamninga,
 - l) fjalla um og samþykkja texta breytinga við samning þennan,
 - m) fjalla um og samþykkja lagfæringar og tæknilegar breytingar á viðaukunum við samning þennan,

- n) skipa aðalframkvæmdastjórn og taka allar ákvarðanir sem eru nauðsynlegar vegna stofnunar og starfsemi aðalskrifstofunnar, þ.m.t. skipulag, stöður starfsfólks og staðlaða ráðningarskilmála embættismanna og starfsmanna.
4. Þegar ráðstefnan um sáttmálann sinnir skyldustörfum sínum fyrir atbeina aðalskrifstofunnar skal hún eiga samstarf við og nýta sér eins vel og aðstæður leyfa, með hagkvæmni og skilvirkni í fyrirrúmi, þjónustu og áætlanir annarra stofnana og samtaka sem öðlast hafa hæfni í málefnum sem tengjast markmiðum samnings þessa.
 5. Ráðstefnan um sáttmálann getur komið á fót undirstofnunum sem hún telur viðeigandi til að geta sinnt skyldustörfum sínum.
 6. Ráðstefnan um sáttmálann skal fjalla um og samþykkja starfsreglur og fjárhagsreglur.
 7. Árið 1999 og eftir það með millibili (sem skal ekki vera lengra en fimm ár), sem ráðstefnan um sáttmálann ákvarðar, skal ráðstefnan um sáttmálann fara vandlega yfir þau verkefni sem kveðið er á um í samningi þessum með hliðsjón af því að hvaða marki ákvæði samningsins og bókananna hafa komið til framkvæmda. Í lok hverrar yfirferðar er ráðstefnunni um sáttmálann heimilt að breyta eða leggja niður þau verkefni sem tilgreind eru í 3. mgr. og er jafnframt heimilt að leggja aðalskrifstofuna niður.

35. gr.

Aðalskrifstofan.

1. Til að sinna skyldustörfum sínum skal ráðstefnan um sáttmálann hafa aðalskrifstofu þar sem starfa aðalframkvæmdastjóri og það starfsfólk sem er nauðsynlegt að lágmarki til þess að skrifstofan geti sinnt hlutverki sínu með skilvirkum hætti.
2. Ráðstefnan um orkusáttmálann skipar aðalframkvæmdastjórn. Fyrsta skipunin skal vera til fimm ára að hámarki.
3. Þegar aðalskrifstofan sinnir skyldustörfum sínum er hún ábyrg gagnvart ráðstefnunni um sáttmálann og sendir henni skýrslur um störf sín.
4. Aðalskrifstofan skal veita ráðstefnunni um sáttmálann alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að ráðstefnan geti sinnt skyldum sínum og skal skila þeim verkefnum sem henni eru falin með samningi þessum eða einhverri bókun við hann og öllum öðrum verkefnum sem ráðstefnan um sáttmálann felur henni.
5. Aðalskrifstofan skal gera þær stjórnsýslulegu og samningsbundnu ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt verkefnum sínum með skilvirkum hætti.

36. gr.

Atkvæðagreiðsla.

1. Gerð er krafa um einróma samþykki þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundi ráðstefnunnar um sáttmálann, þar sem teknar eru ákvarðanir um mál sem að neðan greinir og varða ákvarðanir ráðstefnunnar um sáttmálann þess efnis að:
 - a) samþykkja breytingar á samningi þessum, aðrar en breytingar á 34. og 35. gr. og viðauka T,
 - b) samþykkja aðild að samningi þessum skv. 41. gr. af hálfu ríkja eða svæðisstofnana um efnahagssamvinnu sem ekki voru undirritunaraðilar sáttmálans frá og með 16. júní 1995,
 - c) heimila samningaviðræður um og að samþykkja eða taka upp ákvæði samstarfssamninga,
 - d) samþykkja breytingar á viðaukum EM, NI, G og B,
 - e) samþykkja tæknilegar breytingar á viðaukunum við samning þennan,
 - f) samþykkja tilnefningar aðalframkvæmdastjórans á gerðarmönnum skv. 7. mgr. í viðauka D. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að ná samhljóða samþykki um öll önnur mál þar sem ákvörðunar þeirra er krafist samkvæmt samningi þessum. Ef ekki er unnt að ná samkomulagi með samhljóða samþykki gilda ákvæði 2. og 5. mgr.
2. Ákvarðanir um fjárhagsáætlanir, sem um getur í e-lið 3. mgr. 34. gr., skulu teknar með auknum meirihluta af samningsaðilum sem eiga framlög sem metin eru, eins og tilgreint er í viðauka B, að nemi samanlagt a.m.k. þremur fjórðu af þeim heildarframlögum sem þar eru tilgreind.
3. Ákvarðanir um mál, sem um getur í 7. mgr. 34. gr., skulu teknar með þremur fjórðu hluta atkvæða samningsaðilanna.

4. Að undanskildum þeim tilvikum sem tilgreind eru í a- til f-lið í 1. mgr. og 2. og 3. mgr. og með fyrirvara um 6. mgr. skulu ákvarðanir, sem kveðið er á um í samningi þessum, teknar með þremur fjórðu hluta atkvæða þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundi ráðstefnunnar um sáttmálann þar sem slík mál eru ákveðin.
5. Í þessari grein merkir „samningsaðilar sem er viðstaddur og greiða atkvæði“ samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða á móti, að því tilskildu að ráðstefnunni um sáttmálann sé heimilt að ákveða starfsreglur sem gera kleift að samningsaðilar geti tekið fyrrnefndar ákvarðanir með bréfaskiptum.
6. Engin ákvörðun, sem um getur í þessari grein, er gild nema einfaldur meirihluti samningsaðilanna styðji hana, að undanskildu því sem kveðið er á um í 2. mgr.
7. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, við atkvæðagreiðslu, hafa atkvæðafjölda sem er jafn fjölda þeirra aðildarríkja hennar sem eru aðilar að samningi þessum, að því tilskildu að slík stofnun neyti ekki atkvæðaréttar síns ef aðildarríki hennar neyta atkvæðaréttar síns og öfugt.
8. Ráðstefnunni um sáttmálann er heimilt, ef um er að ræða viðvarandi vanefndir á að samningsaðili standi við fjárhagslegar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, að fella tímabundið úr gildi atkvæðisrétt samningsaðilans að öllu leyti eða að hluta til.

37. gr.

Meginreglur um fjármögnun.

1. Sérhver samningsaðili skal bera eigin kostnað vegna fyrirsvars á fundum ráðstefnunnar um sáttmálann og hjá undirstofnunum hennar.
2. Kostnaður vegna funda ráðstefnunnar um sáttmálann og undirstofnana hennar telst kostnaður aðalskrifstofunnar.
3. Samningsaðilarnir greiða kostnað vegna aðalskrifstofunnar og skal hann metinn samkvæmt greiðslugetu þeirra, sem er ákvörðuð eins og fram kemur í viðauka B, en heimilt er að breyta ákvæðum hans í samræmi við d-lið 1. mgr. 36. gr.
4. Bókun skal innihalda ákvæði sem tryggja að allur kostnaður vegna aðalskrifstofunnar, sem fellur til vegna þeirrar bókunar, falli á aðila að henni.
5. Ráðstefnunni um sáttmálann er auk þess heimilt að taka við frjálsum framlögum frá einum eða fleiri samningsaðilum eða frá öðrum aðilum. Kostnaður, sem er greiddur með slíkum framlögum, skal ekki teljast kostnaður aðalskrifstofunnar í skilningi 3. mgr.

VIII. HLUÐI

Lokaákvæði.

38. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal vera opinn til undirritunar í í Lissabon frá 17. desember 1994 til 16. júní 1995 fyrir þau ríki og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem undirritað hafa sáttmálann.

39. gr.

Fullgilding, staðfesting eða samþykki.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki undirritunaraðila. Skjöl um fullgilding, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

40. gr.

Gildi gagnvart yfirráðasvæðum.

1. Sérhverju ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt, samhliða undirritun, fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild, að lýsa því yfir, í formi yfirlýsingar sem afhent er vörsluaðila til vörslu, að samningurinn skuli vera bindandi fyrir það eða hana gagnvart öllum yfirráðasvæðum, sem það eða hún fer með alþjóðasamskipti fyrir eða gagnvart einu eða einni þeirra eða fleiri. Yfirlýsing þess efnis tekur gildi þegar samningurinn öðlast gildi fyrir viðkomandi samningsaðila.

2. Sérhver samningsaðili getur síðar, með yfirlýsingu sem afhent er vörsluaðila til vörslu, skuldbundið sig samkvæmt samningi þessum gagnvart öðru yfiráðasvæði sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Gagnvart slíku yfiráðasvæði öðlast samningurinn gildi á nítugasta degi eftir að vörsluaðilinn veitir slíkri yfirlýsingu viðtöku.
3. Heimilt er að afturkalla eða breyta sérhverri yfirlýsingu samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum, að því er varðar sérhvert yfiráðasvæði sem tilgreint er í slíkri yfirlýsingu, með tilkynningu til vörsluaðilans. Afturköllunin skal, með fyrirvara um gildissvið 3. mgr. 47. gr., taka gildi einu ári eftir viðtökudag þess háttar tilkynningar af hálfu vörsluaðilans.
4. Skilgreininguna á „svæði“ í 10. mgr. 1. gr. skal túlka með hliðsjón af sérhverri yfirlýsingu sem afhent er til vörslu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

41. gr.

Aðild.

Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar frá þeim degi að telja þegar frestur til að undirrita hann er liðinn af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu, sem hafa undirritað sáttmálann, með skilmálum sem ráðstefnan um orkusáttmálann hefur ákveðið. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

42. gr.

Breytingar.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að leggja fram breytingartillögur við samning þennan.
2. Aðalskrifstofan skal senda samningsaðilum texta allra breytingartillagna við samning þennan eigi síðar en þremur mánuðum fyrir þann dag sem lagt er til að ráðstefnan um orkusáttmálann samþykki þær.
3. Aðalskrifstofan skal senda vörsluaðilanum þær breytingar á samningi þessum sem ráðstefnan um orkusáttmálann hefur samþykkt, sem sendir þær áfram öllum samningsaðilum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
4. Afhenda skal vörsluaðila til vörslu skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytinga á samningi þessum. Breytingar öðlast gildi meðal samningsaðila, sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt þær, á nítugasta degi eftir að að minnsta kosti þrjú fjórðu hlutar samningsaðila hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu. Eftir það öðlast breytingarnar gildi gagnvart sérhverjum öðrum samningsaðila á nítugasta degi eftir að sá samningsaðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytinganna til vörslu.

43. gr.

Samstarfssamningar.

1. Ráðstefnan um orkusáttmálann getur heimilað að fram fari samningaviðræður um samstarfssamninga við ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu eða alþjóðastofnanir, í því skyni að vinna að markmiðum og meginreglum sáttmálans og að því að ákvæði samnings þessa eða einnar eða fleiri bókana nái fram að ganga.
2. Þau tengsl sem komið er á við samstarfsríki, -svæðisstofnun um efnahagssamvinnu eða -alþjóðastofnun og þau réttindi sem þau njóta og þær skuldbindingar sem þau takast á hendur skulu vera í samræmi við þær aðstæður sem samstarfið skapar og skulu, í hverju tilviki um sig, sett fram í viðkomandi samstarfssamningi.

44. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að þrítugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans eða aðild að honum er afhent til vörslu af hálfu ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu sem hefur undirritað sáttmálann frá og með 16. júní 1995.
2. Gagnvart sérhverju ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að þrítugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki var afhent til vörslu, öðlast hann gildi á nítugasta degi eftir þann dag þegar

viðkomandi ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir skjal sitt um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal ekki litið svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki að slíkri stofnun hafa afhent til vörslu.

45. gr.

Beiting til bráðabirgða.

1. Sérhver undirritunaraðili samþykkir að beita ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða meðan þess er beðið að hann öðlist gildi skv. 44. gr. gagnvart honum, að því marki sem slík beiting til bráðabirgða samrýmist stjórnarskrá hans, lögum eða reglum.
2.
 - a) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur sérhver undirritunaraðili afhent vörsluaðila, samhliða undirritun, yfirlýsingu þess efnis að hann geti ekki samþykkt beitingu til bráðabirgða. Sú skuldbinding sem 1. mgr. felur í sér gildir ekki gagnvart undirritunaraðila sem gefur út slíka yfirlýsingu. Sérhver fyrrnefndur undirritunaraðili getur hvenær sem er dregið fyrrnefnda yfirlýsingu til baka með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans.
 - b) Hvorki undirritunaraðili, sem gefur út yfirlýsingu í samræmi við a-lið, né fjárfestar þess undirritunaraðila geta gert kröfu um að njóta ávinnings af beitingu til bráðabirgða skv. 1. mgr.
 - c) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skal sérhver undirritunaraðili, sem gefur út yfirlýsingu er um getur í a-lið, beita ákvæðum VII. hluta til bráðabirgða meðan þess er beðið að samningurinn taki gildi gagnvart honum skv. 44. gr., að því marki sem slík beiting til bráðabirgða samrýmist stjórnarskrá hans, lögum eða reglum.
3.
 - a) Sérhverjum undirritunaraðila er heimilt að binda enda á beitingu ákvæða samnings þessa til bráðabirgða með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans þess efnis að hann hyggist ekki gerast aðili að samningnum. Lok beitingar til bráðabirgða af hálfu undirritunaraðila skulu koma til framkvæmda þegar 60 dagar eru liðnir frá þeim degi þegar vörsluaðilinn veitir skriflegri tilkynningu viðkomandi undirritunaraðila viðtöku.
 - b) Hætti undirritunaraðili beitingu til bráðabirgða skv. a-lið skal skuldbinding undirritunaraðilans skv. 1. mgr. um að beita ákvæðum III. og V. hluta viðvíkjandi fjárfestingum, sem fjárfestar annarra undirritunaraðila hafa stofnað til á svæði hans meðan á fyrrnefndri beitingu til bráðabirgða stóð, eigi að síður halda gildi sínu að því er þær fjárfestingar varðar í tuttugu ár eftir þann dag þegar beitingu til bráðabirgða lýkur í reynd, nema kveðið sé á um annað í c-lið.
 - c) Ákvæði b-liðar gilda ekki um neinn þeirra undirritunaraðila sem taldir eru upp í viðauka PA. Undirritunaraðila skal fjarlægja af listanum í viðauka PA í reynd þegar vörsluaðilinn veitir beiðni þar að lútandi viðtöku.
4. Meðan þess er beðið að samningur þessi öðlist gildi skulu undirritunaraðilar koma saman öðru hverju á undirbúningsráðstefnunni um orkusáttmálann og skal bráðabirgðaaðalskrifstofan, sem um getur í 5. mgr., kalla fyrsta fund hennar saman eigi síðar en 180 dögum eftir þann dag þegar opnað er fyrir undirritun samnings þessa eins og tilgreint er í 38. gr.
5. Undirbúningssskrifstofan skal sinna verkefnum aðalskrifstofunnar til bráðabirgða þar til samningur þessi öðlast gildi skv. 44. gr. og aðalskrifstofunni hefur verið stofnsett.
6. Undirritunaraðilarnir skulu, í samræmi við og með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. eða c-lið 2. mgr. og eftir því sem við á, leggja sitt af mörkum vegna kostnaðar við undirbúningssskrifstofuna eins og undirritunaraðilarnir væru samningsaðilar skv. 3. mgr. 37. gr. Allar breytingar, sem undirritunaraðilarnir gera á viðauka B, falla úr gildi við gildistöku samnings þessa.
7. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem gerist aðili að samningi þessum skv. ákvæðum 41. gr. áður en samningur þessi öðlast gildi, skal, uns samningurinn öðlast gildi, hafa réttindi og gangast undir skuldbindingar undirritunaraðila samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

46. gr.

Fyrirvarar.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

47. gr.

Úrsögn.

1. Samningsaðili getur hvenær sem sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans þegar fimm áru eru liðin frá því að samningur þessi öðlaðist gildi gagnvart honum.
2. Hver slík úrsögn öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá því að vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku eða þann dag, að liðnu þessu ári, sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni um úrsögn.
3. Ákvæði samnings þessa gilda áfram um fjárfestingar, sem fjárfestar annarra samningsaðila hafa stofnað til á svæði samningsaðila eða um fjárfestingar sem fjárfestar fyrrnefnds samningsaðila hafa stofnað til á svæði annarra samningsaðila, í tuttugu ár frá þeim degi þegar úrsögn fyrrnefnds samningsaðila tekur gildi.
4. Allar bókanir, sem samningsaðili er aðili að, skulu falla úr gildi fyrir þann samningsaðila á þeim degi þegar úrsögn hans, að því er samning þennan varðar, kemur til framkvæmda í reynd.

48. gr.

Staða viðauka og ákvarðana.

Viðaukar við samning þennan og þær ákvarðanir sem settar eru fram í viðauka 2 við lokagerð ráðstefnunnar um orkusáttmála Evrópu, sem undirrituð var í Lissabon 17. desember 1994, eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

49. gr.

Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Portúgalska Lýðveldisins skal vera vörsluaðili samnings þessa.

50. gr.

Jafngildir textar.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan á ensku, frönsku, ítölsku, rússnesku, spænsku og þýsku, en allir þessir textar eru jafngildir, í einu frumriti sem mun afhent ríkisstjórn Portúgalska Lýðveldisins til vörslu.

Gjört í Lissabon 17. desember 1994.

THE ENERGY CHARTER TREATY

PREAMBLE

The Contracting Parties to this Treaty,

Having regard to the Charter of Paris for a New Europe signed on 21 November 1990;

Having regard to the European Energy Charter adopted in the Concluding Document of the Hague Conference on the European Energy Charter signed at The Hague on 17 December 1991;

Recalling that all signatories to the Concluding Document of the Hague Conference undertook to pursue the objectives and principles of the European Energy Charter and implement and broaden their cooperation as soon as possible by negotiating in good faith an Energy Charter Treaty and Protocols, and desiring to place the commitments contained in that Charter on a secure and binding international legal basis;

Desiring also to establish the structural framework required to implement the principles enunciated in the European Energy Charter;

Wishing to implement the basic concept of the European Energy Charter initiative which is to catalyse economic growth by means of measures to liberalize investment and trade in energy;

Affirming that Contracting Parties attach the utmost importance to the effective implementation of full national treatment and most favoured nation treatment, and that these commitments will be applied to the Making of Investments pursuant to a supplementary treaty;

Having regard to the objective of progressive liberalization of international trade and to the principle of avoidance of discrimination in international trade as enunciated in the General Agreement on Tariffs and Trade and its Related Instruments and as otherwise provided for in this Treaty;

Determined progressively to remove technical, administrative and other barriers to trade in Energy Materials and Products and related equipment, technologies and services;

